

# MOSFELLINGUR

6. TBL. 23. ÁRG. FIMMTUDAGUR 6. JÚNÍ 2024 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



DAÐI, SALOME, BIRGIR OG REGÍNA

Afmælistónleikar haldnir í Hlégarði • Hljómsveitin spilaði fyrst á 17. júní 1964

## Skólahljómsveitin 60 ára

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar hélt glæsilega afmælistónleika í Hlégarði þriðjudaginn 28. maí. A, B og C sveitir hljómsveitarinnar komu fram auk eldri félaga.

Hljómsveitin kom í fyrsta sinn fram við 17. júní hátíðarhöld í Mosfellssveit árið 1964. Alla tíð síðan hefur hún verið stór hluti af menningarlífi bæjarins. Þúsundir nemenda hafa lært

á hljóðfæri og spilað með hljómsveitinni í gegnum árin.

Á myndinni eru Daði Þór Einarsson stjórnandi hljómsveitarinnar síðastliðin 20 ár, Salome Þorkelsdóttir heiðursborgari Mosfellsbæjar en hún kom að stofnun sveitarinnar 1964, Birgir D. Sveinsson stofnandi hljómsveitarinnar og stjórnandi hennar til 40 ára og Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

### EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



### Bjargslundur - Glæsileg parhús

Ný og glæsileg parhús á tveimur hæðum með bílskúr í byggingu. Eignir afhendast skv. skilalýsingu seljanda rúmlega tilbúnar til innréttinga. Að auki verður sett upp svalalokun, rafmagn fullfrágengið og hljóðdúkur settur upp í loft að hluta til.

V. 133,0 m.



**Fasteignasala**  
**Mosfellsbæjar**



FYLGSTU  
MEÐ OKKUR  
á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

FESTU NIÐUR TRAMPÓLÍNÍÐ!



MEÐ TRAMPÓLÍNSKRÚFUM

Frá REDDER

Einfalt að setja niður og fara örugg inn í sumarið



**redder**  
Byggingalausnir

Hyrjarhöfða 2  
Sími 558 0888  
www.redder.is

MOSFELLSBAKARI  
ÞÚ FÆRÐ KÖKU FYRIR ÖLL TÍLEFNI HJÁ OKKUR!

MOSFELLSBAKARLIS

HÁHOLT 13-15

HÁLEITISBRAUT 58-60



Mosfellingurinn Vivian Ólafsdóttir leikkona

Ég fæ að kafa ofan  
í ýmsa heima »24

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

**Jóns B. ehf**

Flugumýri 2, Mosfellsbær  
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is  
WWW.JONB.IS



CAB  
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

**Útgefandi:** Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

**Ritstjórn:**

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur ehf.

**Prófkort:** Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 11. JÚLÍ

## Heill sé forseta vorum

Heill sé nýjum forseta vorum, Höllu Tómasdóttur. Hún fékk flest atkvæði í öllum kjördæmum.

Halla hélt fjölmennan fund í Mosfellsbæ, viku fyrir kosningar. Hún rústaði léttri könnun sem við settum inn á

Instagram og átti greinilega drjúgan stuðning úr Mosfellsbæ.

Magnað finnst manni hvað

fólk getur látið frá sér á bakvið lykklaborðið. Deilandi myndum og óhróðri um þá sem það ætlar einmitt ekki að kjósa. Það finnst mér sorglegt. Eins finnst mér hallærislegt þegar flokkapólitík er komin í forsetakosningar, sem ættu að snúast um ágæti einstaklinganna sem þar eru í framboði. Það má kannski segja að stjórnmálin hafi tapað í þessum kosningum sem er fínt fyrir lýðræðið. Í sveitarstjórnarkosningum ætti þetta líka að þróast þannig að við kjósum einstaklinga enda allir að vinna að sama markmiði, að gera gott fyrir samfélagið.



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings



## ÍS FUGL

www.isfugl.is



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

### TROÐFYLLTU HLÉGARÐ

Eldri sveitningar fylgjast með og fagna því að félagsheimilið Hlégarður, samkomuhús okkar Mosfellinga frá árinu 1951, iðar af lífi enn á ný. Hver viðburðurinn rekur annan.

Myndin og fyrirsögnin er sótt í MOSFELLING þann 11. september 2003.

Mynd og texti: Karl Tómasson.

Gömul mynd úr Hlégarði fylgir með. Hátíðarstund. Baksíðsmyndin, sem Gunnar Gunnarsson listmálari í Ási gerði, var á sínum stað fram á sjöunda áratuginn.



Hljómsveitin gamalkunna Brimkló troðfyllti Hlégarð laugardaginn 30. ágúst. Griðarleg stemning var meðal gesta og fóru gömlu kempurnar á kostum. Á myndinni má sjá Sigrúnu Hjálmtýsdóttur sem kom óvænt í heim-sókn og tók lagið vinsæla um Ninu og Geira við mikinn fögnuð, ásamt Sigurjóni Sighvatssyni sem tók í bassann og söng með Brimkló og þá söngvarann góðkunna Björgvin Halldórsson. Myndin er tekin í pásu og hitinn og svitinn bogaði af listamönnunum sem léku á alls oddi enda voru móttökurnar frábærar.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?



## Hringdu


skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn



# Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór  
Einarsson  
Lögg. fasteignasali



Sigurður  
Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil  
Karlsson  
Lögg. fasteignasali



Steingrímur  
Benediktsson  
Lögg. fasteignasali



## FOSSATUNGA 1-15

Ný og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsin afhendast fullbúin að innan með grófjafnaðri lóð, en þó er búið að helluleggja fyrir framan inngang.

V. 129,9-133,9 m.



## VEFARASTRÆTI 40

Björt, falleg og vel skipulögð 98,1 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Svalir í suðausturátt með fallegu útsýni. Frábær staðsetning, rétt við Helgafellsskóla.

V. 73,5 m.



## LAXATUNGA 107

Glæsilegt og vel skipulagt 178,4 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr og timburverönd í bakgarði. Húsið skiptist í forstofu, eldhús, stofu/borðstofu, þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi. Auðvelt að bæta við auka svefnherbergi.

V. 129,0 m.



## VEFARASTRÆTI 11

Björt og falleg 89,9 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Hellulögð verönd í suðurátt (20,7 m<sup>2</sup> sérafnotareitur). Fallegar innréttingar og nýtt harðparket er á gólfum.

V. 70,9 m.



## TRÖLLATEIGUR 24

Rúmgóð, falleg og vel skipulögð 144,3 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja endaíbúð á annarri hæð í lyftuhúsi. Stæði í bílakjallara fylgir eigninni. Stórar svalir í suðvesturátt sem eru með svalalokun að hluta.

V. 96,9 m.



## REYKJABYGGÐ 35

Fallegt og vel skipulagt 127,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Eignin stendur á fallegri 860 m<sup>2</sup> eignarlóð með timburverönd. Stórt hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. Húsið er vel staðsett í vinsælu og grónu hverfi í Mosfellsbæ.

V. 114,9 m.



## AKURHOLT 15

Stórt og glæsilegt einbýlishús með tveimur íbúðum og tvöföldum bílskúr, alls 391,8 m<sup>2</sup>, á glæsilegri 1.032 m<sup>2</sup> lóð á þessum rólega og veðursæla stað. Aðalíbúðin er á efri hæðinni 152 m<sup>2</sup>, bílskúrin er 49,9 m<sup>2</sup> og neðri hæðin sem er að hluta niðurgrafin er 189,9 m<sup>2</sup>.

V. 189,0 m.



## LEIRVOGSTUNGA 33

Mjög fallegt og vel skipulagt 321,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr ásamt auka íbúð á neðri hæð. Stór bakgarður í suður- og vesturátt. Glæsilegt útsýni er frá efri og neðri hæð hússins.

V. 220,0 m.



## LÓUGATA

Nýtt og glæsilegt 172,2 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð með bílskúr, frágengin lóð með hellulögðu bílaplani og timburverönd. Eignin afhendist í júlí 2024 tilbúin til innréttingar, einnig fullmáluð, rafmagn frágengið með free@home hússtjórnarkerfi frá ABB og loftskiptikerfi frá Íshúsinu.

V. 114,9 m.



## FOSSATUNGA 39

Fallegt 165,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð á frábærum stað í botnlanga og í nálægð við náttúruna. Glæsileg eign sem býr yfir fjölmörgum möguleikum. Eignin hefur fengið talsverðar endurbætur.

V. 109,0 m.



## DESJAMÝRI 5

42,0 m<sup>2</sup> geymsluhúsnæði á afgirtu lokuðu svæði. Epoxy á gólfi. Inngönguhurð og bílskúrshurð með rafdrifnum hurðaoþnara. Hámarks lofthæð er 3,85 m og búið er að setja upp um 25 m<sup>2</sup> geymslu loft (ekki inni í heildar fermetrátölunni).

V. 23,9 m.



## ÁSLAND 3

Mjög fallegt 204,7 m<sup>2</sup>, 6 herbergja einbýlishús á tveimur hæðum með stórum bílskúr. Stór timburverönd með heitum potti og útisturtu. Fallegur garður. Stórt hellulagt bílaplan með snjóbræðslu.

V. 142,5 m.



## BJARKARHOLT 10

Falleg og sjarmerandi ósamþykkt 118,9 m<sup>2</sup> 3-4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi í nýlegu lyftuhúsi. Frábær staðsetning í hjarta Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla þjónustu.


V. 64,9 m.



## HELGAÐALSVEGUR 10

Tvö einbýlishús í Mosfellsdal, samtals 424,8 m<sup>2</sup>. Glæsileg bjálkahús á tveimur hæðum með stórum bílskúr og auka einbýlishúsi á tveimur hæðum. Heimilt er að byggjað annað húsnæði, t.d. hesthús, gróðurhús eða iðnaðarhús allt að 500 m<sup>2</sup>.

V. 249,9 m.



## Sr. Guðrún Helga bætist í prestahópinn

Sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir hefur verið ráðin prestur í Lágafellssókn í Mosfellsprestakalli. Prestarnir verða því þrír í stækkandi bæjarfélagi. Hún var vígð til prestþjónustu í Lágafellssókn annan í hvítasunnu frá Skálholtsdómkirkju. Sr. Guðlaug Helga ólst upp á Hvalsveili og er dóttir hjónanna Guðrúnar Árnadóttur og Guðlaugs Friðþjófs-sonar. Hún er gift Einari Þór Hafberg sérfræðingi í lifrarsjúkdómum og lifrargræðslulækningum barna og þau eiga tvær dætur, Brynhildi Guðrínu Hafberg 14 ára og Ísafold Örnú Hafberg 12 ára. Guðlaug Helga hefur síðastliðin tvö ár starfað hjá Lágafellssókn og haft umsjón með foreldramorgnum, eldri borgarastarfi og sem fermingarfræðari.



## Mosfellsbær úthlutar 50 lóðum við Úgötu

Mosfellsbær hefur opnað fyrir úthlutun lóða við Úgötu í Helgafells- hverfi. Í boði eru 50 lóðir þar sem gert er ráð fyrir 30 einbýlishúsum, átta parhúsum (16 íbúðir) og einu fjögurra eininga raðhúsi. Úgata er í skjólsælum suðurhlíðum Helgafells og er eitt glæsilegasta byggingarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Lóðirnar sitja hátt í landinu og þaðan er mikið útsýni. Í hverfinu er lögð áhersla á fjölbreytta byggð, vandaða umhverfismótun og góða tengingu við útivistarsvæði og ósnortna náttúru. Tilboð í lóðir skulu berast Mosfellsbæ fyrir miðnætti þann 19. júní. Nánari upplýsingar má finna á [www.mos.is](http://www.mos.is).

Mosfellsbær og Alefli byggja leikskóla • Í notkun haustið 2025 • Viðauki við samning



STAÐAN TEKIN Á VERKSTAÐ

## Framkvæmdir við leikskólann í Helgafellslandi ganga vel

Í maímánuði skrifaði Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri undir viðauka við samning um innréttingar við Magnús Þór Magnússon forstjóra fyrirtækisins Aleflis sem sér um byggingu leikskólans í Helgafellslandi.

Við það tilefni var bæjarfulltrúum og starfsfólki á umhverfissviði og fræðslu- og frístundasviði boðið að koma og skoða leikskólann.

Vinna Aleflis felst í að steypa upp leikskólann, framkvæma nauðsynlegar fyllingar innan lóðar og mannvirkja ásamt því að loka og klára húsið að fullu að innan og utan. Lóð leikskólans verður við opnun fullkláruð með leiktækjum, bílaplani og gönguleiðum.

Áætluð verklok eru í lok júní 2025. Stefnt er að því að leikskólinn taki á móti fyrstu börnunum haustið 2025.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins og Mosfellsbær kanna áhuga á því að efla Kvosina

## Vinnustofa haldin um Álafosskvos

Álafosskvosin er fallegt svæði með ríka sögu sem í gegnum tíðina hefur dregið til sín marga gesti, bæði innlenda og erlenda.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins vinnur nú, í samstarfi við Mosfellsbæ, að því að kanna áhuga og forsendur til þess að efla Álafosskvosina sem áfangastað fyrir gesti.

Hluti af þeirri vinnu var vinnustofa um Álafosskvosina sem haldin var þann 28. maí í Hlégarði þar sem markmiðið var að heyra raddir hagsmunaaðila til að kanna hvort og hvernig efla megi Álafosskvosina sem áfangastað. Áhersla var lögð á að ræða hvað það er sem gerir Álafosskvosina að áhugaverðum stað til að heimsækja, fyrir hvern svæðið er áhugavert, hvers konar gestir henta því og hvað er hægt að gera til að efla Álafosskvosina sem áfangastað.

### Einstakt svæði með mikið aðdráttarafli

Þátttaka í vinnustofunni var góð en m.a. voru fulltrúar frá íbúasamtökum, félagasamtökum, fulltrúar frá Mosfellsbæ og ferðaþjónustuaðilar frá bæði Mosfellsbæ og höfuðborgarsvæðinu.

Ljóst er að mörg tækfæri eru í Álafosskvosinni og flestir sammála um að þar væri um að ræða einstakt svæði sem getur haft mikið aðdráttarafli fyrir gesti.



RÆTT UM MÖGULEIKA Í KVOSINNI

Á fundinum komu fram skemmtilegar og fjölbreyttar hugmyndir um hvaða upplifun er hægt að bjóða upp á svæðinu og mun Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins taka þær saman og kynna þær fyrir Mosfellsbæ og viðeigandi hagaðilum í framhaldinu fyrir sumarlok.

Sameiginlegt útboð Mosfellsbæjar og Garðabæjar • „Hagstæðir samningar,“ segir Regína

## Samíð um sorphirðu til næstu ára



BÆJARSTJÓRARNIR MEÐ FORSTJÓRA ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGSINS

Mosfellsbær og Garðabær fóru í sameiginlegt útboð vegna sorphirðu og voru samningar undirritaðir á þriðjudag við Íslenska gámafélagið og Terru umhverfissjónustu.

Samningarnir við Íslenska gámafélagið eru annars vegar fyrir sorphirðu á lífrænu og almennu sorpi og hins vegar fyrir hirðingu á pappír og plasti og voru það Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Jón Þórir Frantzson sem undirrituðu samninginn. Gildistíminn er í fimm ár með framlengingarákvæði um eitt ár í þrjú skipti.

Þá var undirritaður samningur vegna sorphirðu djúpgáma við Terru umhverfissjónustu og voru það bæjarstjóri fyrir hönd Mosfellsbæjar og Valgeir S. Baldursson fyrir hönd Terru. Gildistími þess samnings er

tvö ár með framlengingarákvæði um eitt ár í senn í þrjú skipti.

### 70-80% af kostnaðaráætlun

„Við erum mjög ánægð með þessa samninga sem eru afar hagstæðir fyrir sveitarfélagið,“ sagði Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri en upphæðir samninganna við Íslenska gámafélagið ehf. námu um 80% af kostnaðaráætlun og samningurinn við Terru tæplega 70%.

Heildarfrjárhæðir fyrir samning við Íslenska gámafélagið (5 ár) - Blandaður úrgangur og matarleifar er 362.593.485 kr. með vsk. og pappír og plast er 298.866.867 kr. með vsk. Samningur við Terru (2 ár) - Djúpgámar er 15.044.176 kr með vsk.

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Í sumar verða sumarmessur í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós. Sumarmessurnar eru hluti af samstarfsverkefni kirknanna á þessu svæði með fjölbreyttu helgihaldi.

Nánari upplýsingar má finna á Facebook- og Instagram-síðunni: Sumarmessur í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.

### Sunnudagur 9. júní

Kl. 20: Kvöldmessa í Brautarholtskirkju. Sr. Arna Grétarsdóttir.

### Þjóðhátíðardagur 17. júní (mánudagur, ekkert helgihald á sunnudeginum)

Kl. 11: Guðsþjónusta með þátttöku skáta í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon.

### Sunnudagur 23. júní

Kl. 14: Helgistund við úttalarið við Esjuberg í samstarfi við sögufélagið Steina. Prestar: Sr. Arna Grétarsdóttir og sr. Henning Emil Magnússon.

### Sunnudagur 30. júní

Kl. 20: Kvöldmessa í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon.

### Sunnudagur 7. júlí

Kl. 14: Sumarmessa í Saurbæjarkirkju á Kjalarnesi. Sr. Arna Grétarsdóttir.

### Rafræn fermingarskráning

fyrir voríð 2025. Upplýsingar og skráning á heimasíðunni okkar.

### lagafellskirkja.is

Endilega fylgdu okkur á samfélagsmiðlunum facebook & instagram.

FIAT ATVINNUBÍLAR

# KRAFTMIKLIR VINNUFÉLAGAR

FIAT  
PROFESSIONAL



## FIAT DUCATO VINNUFLOKKABÍLAR 3JA EÐA 7 MANNA

Fáanlegur sem díselbíll (beinskiptur eða sjálfskiptur) eða 100% rafmagnaður með allt að 430 km\* drægni. 3-7 manna með hliðarhurð beggja vegna. Flatarmál palls allt að 8,5 m<sup>2</sup> og allt að 2075 kg burðargeta.

Eigum til afgreiðslu strax 7 manna vinnuflokkabíla.

Eigum einnig gott úrval sendibíla, rafmagns eða dísel til afhendingar.

7 ÁRA  
ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ  
Á RAFHLÖÐU



## FIAT DOBLO

Fáanlegur sem díselbíll (beinskiptur eða sjálfskiptur) eða 100% rafmagnaður með allt að 280 km drægni.\* 2-3ja manna með hliðarhurð beggja vegna. 4,4 m<sup>3</sup> flutningsrými og allt að 800 kg burðargeta.



## FIAT SCUDO

Fáanlegur sem díselbíll (beinskiptur eða sjálfskiptur) eða 100% rafmagnaður með allt að 330 km\* drægni. 2-3ja manna með hliðarhurð beggja vegna. 6,8 m<sup>3</sup> flutningsrými og allt að 1200 kg burðargeta.

Eigum bíla til afgreiðslu strax.



## FIAT DUCATO

Fáanlegur sem díselbíll (beinskiptur eða sjálfskiptur) eða 100% rafmagnaður með allt að 430 km\* drægni. Þriggja manna með hliðarhurð beggja vegna. 13 m<sup>3</sup> flutningsrými og allt að 1500 kg burðargeta.

\* samkvæmt WLTP staðlinum

ISBAND

PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • FIATPROFESSIONAL.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR

HALLA OG BJÖRN Í MOSÓ  
Í ADDRAGANDA KOSNINGA



Halla hélt framboðsfund í Hlégarði • Næsti forseti

## 83% kjörsókn í Mosfellsbæ

Í Mosfellsbæ var kosið í átta kjördeildum í Lágafellsskóla þann 1. júní. Á kjörskrá í Mosfellsbæ voru 9.516, 4.770 karlar og 4.746 konur. Kjörsókn var 83,07%, þar af greiddu 68,34% kjósenda atkvæði á kjörstað en 14,73% greiddu atkvæði utan kjörfundar.

Árið 2020 voru 8.496 á kjörskrá og var kjörsókn þá 66,64%, 47,73% greiddu atkvæði á kjörstað en 18,91% utan kjörfundar.

Formaður yfirkjörstjórnar í Mosfellsbæ er Elín Árnadóttir og með henni eru í yfirkjörstjórn Haraldur Sigurðsson og Júlíana Guðmundsdóttir.

Á myndinni má sjá sjöunda forseta lýðveldisins, Höllu Tómasdóttur, fyrir utan Hlégarð eftir opinn fund sem haldinn var í félagsheimilinu. Með henni eru Hilmar í Hlégarði, Edda Davíðs, Aldís Stefánsdóttir sem stýrði fundinum og eiginmaður Höllu, Björn Skúlason.



## Svartmálmshátíð haldin í Hlégarði

Ascension MMXXIV 3.-6. júlí • 30 hljómsveitir frá 13 löndum

Svartmálmshátíðin Ascension MMXXIV verður haldið í fjórða sinn dagana 3.-6. júlí í Hlégarði, en var áður haldin undir formerkjum Oration Festival frá 2016-2018.

Hátíðin leggur ríka áherslu á íslenskan jafnt og erlendan svartmálm en ekki síður fjölbreytta og tilraunakennda tónlist.

Fram munu koma 30 hljómsveitir frá 13 löndum og meðal íslenskra hljómsveita verða Kælan Mikla og Misþyrming. Í erlendu deildinni verða hljómsveitir á borð við Oranssi Pazuzu, Emptiness, Afsky og Inferno svo dæmi séu tekin.

„Árið 2019 fór hátíðin einnig fram í Hlégarði í Mosfellsbæ og teljum við það hreinlega orðinn part af hátíðinni okkar enda hefur húsið mikið upp á að bjóða og er umhverfið í kring fullkomið til að njóta miðnætursólarinnar í fjalladýrð Mosfellsbæjar,“ segir Stephen Lockhart skipuleggjandi hátíðarinnar.

### Ascension, Studio Emissary og Oration

Hljóðverið Studio Emissary er starfrækt í Mosfellsbæ þar sem upptökur og hljóðblöndun fyrir hvers kyns tónlist er framleidd.

Studio Emissary hefur gefið út plötur á borð við 'Flesh Cathedral' með hljómsveitinni Svartadauða ásamt plötunni 'Apotic Womb' með hljómsveitinni Sinmara. Báðar hljómsveitir hafa vakið eftirtekt á alþjóða vettvangi.

Forspraki Studio Emissary, Oration og Ascension er Stephen Lockhart, oft betur þekktur sem Wann í hljómsveitinni Rebirth of Nefast.

Vinna hans í íslensku svartmálmseunni hefur skapað tengsl, aukið áhuga erlendis frá á íslenskum svartmálm og ýtt Íslandi ofarlega á kortið

### HLJÓMSVEITIRNAR SEM KOMA FRAM

AFSKY (DK) • ALTARI (IS) • AUÐN (IS) • BARSHASKETH (NZ) • BRIGHTER DEATH NOW (SWE) • DEAD CONGREGATION (GR) • DROWNED (DE) • EMPTINESS (BE) • FORSMÁN (IS) • INFERNO (CZ) • ISKANDR (NL) • KOLLAPS (AU) • KÆLAN MIKLA (IS) • MANNVEIRA (IS) • MISÞYRMING (IS) • MORTUUS (SWE) • MÚR (IS) • NAÐRA (IS) • NEXION (IS) • NYÍP (IS) • NYRST (IS) • ORANSSI PAZUZU (FI) • ÓREIÐA (IS) • PTHUMULHU (IS) • REBIRTH OF NEFAST (IE/IS) • SVARTÞOKA (IS) • THY DARKENED SHADE (GR) • VAFURLOGI (IS) • VÁSTÍGR (AT) • VÉVAKI (IS)

þegar kemur að þessari undirtegnund af tónlist.

Hafandi unnið við allt frá Sinfóníuhljómsveit Íslands og Biophilia, hljómplötu Bjarkar yfir í svartmálm er hæglega hægt að segja að hann hafi náð að skapa sér nafn og traust þess sem hann vinnur með af nákvæmni og ástríðu.

Oration er svo aftur á móti útgáfufyrirtæki stofnað af Stephen Lockhart og er systurfyrirtæki Studio Emissary.

Með samruna þessara beggja fyrirtækja varð til Oration Festival, hátíð sem ætluð var að sýna hljómsveitirnar sem að Studio Emissary hafði unnið með að plötum. Oration stækkaði hratt og örugglega og fór að aukast við erlendar hljómsveitir sem sóttu hátíðina og léku listir sínar. Hátíðin var rekin í þrjú ár og upp úr ósku Oration reis Ascension sem nú verður haldin í fjórða skipti.

Söfnuðu 600.000 kr. í neyðarsöfnun UNICEF fyrir börn á Gaza • „Ég hef áhrif“

## Góðverkavika Helgafellsskóla

Föstudaginn 31. maí var haldið opið hús í Helgafellsskóla í tilefni af góðverkaviku. Opna húsið var hluti af vorhátíð skólans og var frábær mæting þrátt fyrir að veðurspáin hafi brugðist.

Góðverkavikan er hluti af Snjallræðisverkefninu „Ég hef áhrif“ þar sem nemendur velta fyrir sér hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum við að gera heiminn að betri stað. Snjallræði er verkefni sem hefur verið unnið í Helgafellsskóla síðustu þrjú ár.

Verkefnið er unnið þvert á öll skólastig og taka allir þátt, leikskóladeild og grunnskóladeild. Nemendur glíma við minni hönnunaráskoranir mánaðarlega og einu sinni á önn glíma þeir svo við stærri áskoran þar sem þeir leggja sitt af mörkum við að leysa eitthvert raunverulegt vandamál. Í stærri áskoranunum hafa nemendur glímt m.a. við áskoranir eins og plastmengun í hafinu og matarsóun. Á vorönn er svo alltaf tekin góðverkaáskoranin Ég hef áhrif.

### Allur ágóði í neyðarsöfnun UNICEF

Þetta er í þriðja sinn sem nemendur taka



þátt í þessari góðverkaviku sem endar með góðgerðadegi þar sem einhverjir nemendur standa fyrir fjölbreyttri fjáröflun og safna fyrir góðan málstað.

Í ár buðu nemendur m.a. upp á kaffi- og veitingasölu, seldu plöntur úr gróðurhúsi skólans, happdrætti, héldu íþróttamót, tónleika og seldu fjölbreytt sköpunarverk.


Í ár rann allur ágóðinn í neyðarsöfnun UNICEF fyrir börn á Gaza. Alls söfnuðust um 600.000 kr.

### Fjölbreytt góðverk alla vikuna

Nemendur unnu líka fjölbreytt góðverk í þessari viku eins og að hreinsa skólalóðina, tóku til og hreinsuðu garða hjá ættingjum, fóru með kleinuhringi á lögreglustöðina, buðu hesthúsaeigendum aðstoð við að moka, heimsóttu eldri borgara á elliheimilið og spiluðu við þá, sungu fyrir starfsfólk Ásgarðs, héldu vinnahlaðborð og bjuggu til góðverkaratleik.

Framlag 3. bekkjar var að búa til kærleiksbangsa og kærleiksarmbönd fyrir börn sem þurfa að fara í sjúkrahúsi. Starfsmaður frá Slökkviliði Mosfellsbæjar kom og tók á móti gjöfnni þeirra.

Frábær vika að baki þar sem nemendur gefa af sér á jákvæðan og mikilvægan hátt og finna hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum við að gera heiminn að betri stað ef við öll hjálpumst að og vinnum góðverk, stór og smá.



# Skjólsælar lóðir í suðurhlíðum Helgafells



Mosfellsbær hefur opnað fyrir úthlutun skjólsælla útsýnislóða í suðurhlíðum Helgafellshverfis sem er eitt glæsilegasta byggingarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Í boði eru 50 lóðir við Úgötu þar sem gert er ráð fyrir 30 einbýlishúsum, átta parhúsum (16 íbúðir) og einu fjögurra eininga raðhúsi. Lóðirnar sitja hátt í landinu og þaðan er mikið útsýni.

Umsóknarfrestur er til og með 19. júní 2024.  
Nánari upplýsingar má finna á [mos.is/lodir](https://mos.is/lodir).

# Barnadjass í annað sinn

Dagana 20.-23. júní verður hátíðin Barnadjass í Mosó haldin í annað sinn.

Flytjendurnir eru á aldrinum 7-15 ára og koma frá Mosfellsbæ, Ísafirði, Reykjavík, Noregi og Færeyjum. Börnin eiga þó rætur að rekja mun víðar, svo sem til Svíþjóðar, Kína, Póllands, Palestínu, Hollands, Nígeríu og víðar.

Haldnir verða fernir tónleikar: Opnunartónleikar 20. júní kl. 19:00 í Hlégarði, tvennir klúbbtónleikar í Húsi Máls og Menningar (Reykjavík) 21. júní kl. 16:00 og 17:00 og lokatónleikar í Hlégarði 23. júní kl. 16:00. Allar upplýsingar um hátíðina er að finna á facebooksíðu hátíðarinnar.

## Námskeið fyrir áhugasamakrakka

Eins og í fyrra eru Djasskrakkar gestgjafar hátíðarinnar. Hljómsveitina skipa fimm mosfellskir krakkar: Helga Margrét Einarasdóttir, 9 ára á trommur, Edda Margrét Jonasdóttir, 10 ára á klarinett, Rakel Elaisa Allansdóttir, 10 ára á trompet, Emil Huldar Jonasson, 12 ára á píanó og Svandís Erla Pétursdóttir, 13 ára á saxófón.

Djasskrakkar bera hitann og þungann af tónleikahaldinu ásamt erlendum gestum hátíðarinnar. Einnig eru fjórir krakkar frá Ísafirði boðnir sérstaklega velkomnir en þau tóku þátt í fjölmennu og vel lukkuðu námskeiði í djass og spuna á Ísafirði í vetur.

Sú nýbreytni verður í ár að haldið verður



MOSFELLSKU DJASSKRAKKARNIR

námskeið fyrir áhugasama krakka í aðdraganda hátíðar. Þeir krakkar munu taka þátt á lokatónleikunum.

## Frumflytja nýtt lag á hátíðinni

Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er sem fyrr norsk djasstónlistarmaðurinn Odd André Elveland. Honum til aðstoðar er japanska djasstónlistarkonan Haruna Koyamada.

Á Barnadjassi í Mosó í ár munu Djass-

krakkar frumflytja nýtt lag eftir Karl Olgeirsson. „Það hefur verið gaman að fá að vinna með Kalla og krakkarnir hafa öðlast flotta reynslu í að vinna með tónskáldi og læra nýjar leiðir við spuna,“ segir Guðrún Rútsdóttir framkvæmdastjóri Barnadjass í Mosó.

Verkefnið er styrkt af Mosfellsbæ, Barnamenningarsjóði, Nordisk kulturkontakt og Kiwanisklúbbum Moselli. Ókeypis er á alla tónleika hátíðarinnar.



## Rafskútur Hopp mættar aftur í Mosó

Mosfellsbær hefur skrifað undir nýjan samning við Hopp um rekstur á stöðvalausri deilileigu fyrir rafskútur í Mosfellsbæ. Samningurinn gildir til 31. október 2024. Þetta er annað sumarið sem Hopp er í boði í Mosfellsbæ og er það meðal annars í samræmi við þau markmið sem sett eru fram í umhverfisstefnu Mosfellsbæjar og með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Rafskútur geta komið í stað styttri ferða á bifreiðum, en samkvæmt upplýsingum frá Hopp er tæplega helmingur bílferða styttri en þrír kílómetrar. Starfsemi Hopp í Mosfellsbæ er sveitarfélaginu að kostnaðarlausu en leigan fer fram í gegnum smáforrit í snjallsíma þar sem unnt er að sjá hvar næsta lausa rafskúta er staðsett. Upphafsstöðvar verða við íþróttamiðstöðvar og við miðbæjartorg en notendur geta skilið við hjólin þar sem þeim hentar. Það er þó mikilvægt að skilja við hjólin þannig að þau séu ekki fyrir annarri umferð.



## Gáfu skynörvunarteppi

Á dögunum var haldinn svokallaður hristingur í list- og verkgreinum í Lágafellsskóla. Þá var brotin upp hefðbundin kennsla. Meðal annars var hópur nemenda sem vann að því að útbúa skynörvunarteppi, sem eiga að hjálpa fólki sem komið er með Alzheimer eða annars konar minnislöpp. Teppin voru afhent á dvalarheimilinu að Hömrum og eru notuð á Klörustofu. Mikil ánægja og þakklæti var með gjöfina. Nemendurnir vonast til að hún nýstist vel.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



16:00. Annars er opið alla daga 11-16 nema föstudaga 13-16. Öll námskeið farin í sumarfrí en handavinnustofan alltaf opin og alltaf kaffi á könnunni.

### Viltu hjálpa til ?

Okkur vantar alltaf fleiri hendur til að þrjóna sokka og vettlinga af öllum stærðum og gerðum til að selja á basarnum okkar sem verður haldinn í nóvember. Værum við afar þakklát ef þið sæjuð ykkur fært að þrjóna eða hekla fyrir okkur í raun hvað sem er. Allt garn getið þið fengið í handverksstofu ókeypis en að sjálfsögðu þiggjum við alla muni enda málefnið brýnt, því allur ágóði rennur óskiptur

til samfélagsins í Mosfellsbæ og fer ágóðinn á góða staði. Kærleikskveðja, basarnefndin.

### Gönguhópur

Minum á gönguhópin okkar sem fer alla miðvikudaga kl. 10:30 í göngu frá Hlégarði. Allir velkomnir með og hentar öllum. Verum dugleg að hreyfa okkur í sumar.



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tólmstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16.

**FÉLAG ALDRAÐRA** í Mosfellsbæ og nágrenni  
famos@famos.is  
www.famos.is

### STJÓRN FAMOS

**Jónas Sigurðsson** formaður  
s. 666 1040 jonass@islandia.is  
**Jóhanna B. Magnúsdóttir** varaformaður  
s. 899 0378 hanna@smart.is  
**Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri  
s. 898 8578 thorsteinn.birgjs@gmail.com  
**Guðrún K. Hafsteinsdóttir** ritari  
s. 892 9112 gunnasjana@simnet.is  
**Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi  
s. 868 2566 polarafi@gmail.com  
**Ingibjörg G. Guðmundsdóttir** varamaður  
s. 894 5677 igg@simnet.is  
**Hrund Hjaltadóttir** varamaður  
s. 663 5675 hrundhj@simnet.is



2004 - 2024



# LOPAPEYSAN

6. JÚLÍ Á AKRANESI

Bubbi Morthens · GDRN · Úlfur Úlfur  
Daníel Ágúst · Aron Can · Sigga Beinteins  
Blö bræðurnir Auddi & Steindi  
Daniil · Herra Hnetusmjör · Stuðlabandið  
Helgi Björnsson · Emmsjé Gauti · Ingi Bauer  
og svo miklu fleiri!

VÍKING  
BRUGGHÚS

Coca-Cola



tix:is

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA >>

ATH! 20 ára aldurstakmark er á hátíðina





## Viðhald á göngu-leiðum í sumar

Garðyrkjudeild Mosfellsbæjar vinnur að því í sumar í samstarfi við skátafélagið Mosverja að skipta út öllum stikum sem eru úr plasti fyrir tréstikur á stikuðum gönguleiðum. Stikurnar sem skipt var um í fyrra voru um 150 og er stefnt að því að skipta út um 300 stikum í ár. Tröppustígur í Úlfarsfelli verður einnig lagfærður í samvinnu við Mosverja ásamt hringsjá á Reykjafelli. Girðingastigar verða lagfærðir og tveir nýir verða settir upp á Vetrarmýrarhálsi við Æsustaðafjall og á Skáldaleið frá Gljúfrasteini upp með Köldukvísl og að Helgufossi. Einnig eru fyrirhugaðar viðgerðir á eftirfarandi göngubrúum: Seljadalsá við Hafravatn - Varmá við Borgarlæk - Jónsselslækur við Gljúfrastein - Kaldakvísl ofan Helgufoss. Þá er unnið að almennu viðhaldi á gönguleiðum og er til að mynda vinna við stíg frá Bringum niður að Helgufossi langt á veg komin.

## Valgarð Mór skipaður skólameistari FMOS

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, hefur skipað Valgarð Mór Jakobsson í embætti skólameistara Framhaldsskólans í Mosfellsbæ til fimm ára frá 1. ágúst 2024. Valgarð lauk B.Sc. í líffræði frá Háskóla Íslands árið 1992 og M.Ed. prófi í stærðfræði og kennslufræði við Háskólann í Reykjavík árið 2009. Hann stundar einnig M.Ed. nám við Háskóla Íslands í stjórnun menntastofnana. Valgarð hefur starfað við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ frá stofnun skólans árið 2009. Hann hefur tvisvar verið settur tímabundið sem skólameistari og er starfandi skólameistari í dag. Hann hefur einnig starfað sem aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, sviðsstjóri, stærðfræði- og líffræðikennari, ásamt því að sinna fleiri ábyrgðarhlutverkum innan skólans. Valgarð starfaði einnig sem varaformaður fræðslunefndar Mosfellsbæjar og varamaður í skipulagsnefnd á árunum 2018–2022. Áður starfaði Valgarð hjá Mími ásamt því að hafa starfað sem húsasmiður. Valgarð sótti einn um embættið.



MOSFELLINGUR

KEMUR  
NÆST  
ÚT 11. JÚLÍ

mosfellingur@mosfellingur.is



19 nemendur brautskráðir frá Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ miðvikudaginn 29. maí

# ÚTSKRIFTARHÁTÍÐ Í FMOS

Útskriftarhátíð Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fór fram miðvikudaginn 29. maí við hátíðlega athöfn í húsnæði skólans við Bjarkarholt 35 í Mosfellsbæ.

Að þessu sinni voru 19 nemendur brautskráðir. Af félags- og hugvísindabraut voru brautskráðir tveir nemendur og einn af náttúruvísindabraut. Af opinni stúdentsbraut - almennu kjörsviði voru brautskráðir ellefu nemendur og af íþrótt- og lýðheilsukjörsviði þrír nemendur. Af sér-

námsbraut brautskráðust tveir nemendur.

Í ræðu skólameistara kom meðal annars fram að í undirbúningi er ný íslensku braut fyrir nemendur af erlendum uppruna og mun kennsla á henni hefjast í haust. Tekin hafa verið stór skref í átt að auknu erlendu samstarfi fyrir bæði kennara og nemendur en skólinn er formlega orðinn Erasmus+ skóli. Í kjölfar þess aukast möguleikar á að senda bæði kennara og nemendur erlendis, bæði á námskeið og í skiptináms.

Til skólans streymi fólk víða að til að kynnast því sem verið er að gera í skólanum og hefur vakið verðskuldaða athygli.

Leiðsagnarnámið og það lærdómssamfélag sem búið er að skapa við FMOS sé í stöðugri þróun í samvinnu við nemendur og að nýir möguleikar séu sífellt að opnast.

Að lokum þakkaði skólameistari stúdentum fyrir samstarfið og óskaði þeim velfarnaðar í framtíðinni.



Liðlega 60 manns fóru með í ferð Sögufélags Kjalarnesþings að Hvítanesi og Kiðafelli í Kjós. Á myndinni til hægri eru Kristinn Magnússon fornleifafræðingur, Hanna Bjartmars Arnardóttir kennari og Helga Jónsdóttir frá Suður-Reykjum í dyrum Smámunasafnsins að Kiðafelli í Kjós.



## Söguferð að Hvítanesi og Kiðafelli í Kjós

Í blíðskaparveðri laugardaginn 18. maí stóð Sögufélag Kjalarnesþings fyrir ferð að Hvítanesi í Hvalfirði og að Kiðafelli í Kjós.

Liðlega 60 manns voru með í rútu og nokkrum einkabílum sem fylgdu á eftir. Mun færri komust að en vildu.

Bjarki Bjarnason frá Mosfelli, sem vinnur að ritun Árbókar Ferðafélagsins um Kjósarsýslu, miðlaði fróðleik um Kjósina og Kjalarnesið á meðan ekið var um þær blómlegu sveitir. Þegar komið var að Hvítanesi tók Magnús Þór Hafsteinsson rithöfundur, sjómaður og fv. alþingsmaður að sér leiðsögn. Magnús Þór hefur ritað tvær bækur um umsvif hersins í Hvalfirði í síðari heimsstyrjöldinni. Hann hélt fyrirlestur og skipulagði göngu um Hvítanesið, sem er að breytast úr rústum herstöðvar í orlofssvæði.

Fyrir brottför sendi Sögufélagið ferðafélögum stafræna bók Friðþórs Eydal um herstöðina á Hvítanesi: Vígdrekar og vopnagnýr - Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlantshafið.

Að loknu kaffi og kleinum í Kaffi Kjós fræddi Þorleifur Friðriks-son fornleifafræðingur og fyrrum fréttamaður okkur um sitthvað í Kjósinni um leið og ekið var að Kiðafelli.

Sigurbjörn Hjaltason bóndi og hans fólk hafa komið upp svo-



kölluðu Smámunasafni á fjósloftinu á Kiðafelli þar sem unnt er að skoða margs konar kostagrip, suma sem hafa verið í notkun landsmanna sl. 100 ár eða lengur, og ýmislegt annað skemmtilegt.

Virkilega fróðleg ferð og var gerður að henni góður rómur í ferðalok.

# Sumarnámskeið fyrir börn og unglinga



Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglinga í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar um námskeiðin munu koma inn á [www.mos.is](http://www.mos.is).

## Stuðningur

Frístundasvið í samvinnu við velferðarsvið Mosfellsbæjar benda foreldrum á að boðið er upp á stuðning fyrir börn og ungmenni með sérþarfir inn á sumarnámskeið og sumarvinnu sem í boði eru í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar: [elisan@mos.is](mailto:elisan@mos.is)

## Ert þú að halda námskeið?

Öll þau sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglinga geta sent upplýsingar á netfangið [dana@mos.is](mailto:dana@mos.is)

# „Það þarf að minna fólk á eldvarnir“

Nemendur í 6. bekk Varmárskóla afhentu Sólrúnu Öldu Waldorff bók sem þeir sömdu um batagöngu hennar síðan hún slasaðist alvarlega í eldsvoða fyrir nokkrum árum.

Sólrún Alda heimsótti skólann fyrr í vetur og sagði sögu sína, en heimsóknin var liður í verkefni um eldvarnir. Í kjölfarið ákváðu þrjár stúlkur að taka viðtal við Sólrúnu Öldu og semja um hana heila bók sem þær afhentu henni á dögnum.

„Þetta er svolítið skrítið,“ segir Sólrún Alda um bókina, „en mér finnst frábært að svona ungar stelpur hafi áhuga á að vera öruggar og hafi áhuga á eldvörnum.“

## Mikilvægt en ekki auðvelt

Er auðvelt fyrir þig að koma hingað í skólann og segja söguna?

„Nei, það er ekki auðvelt! En mér finnst þetta mikilvægt. Ég held að fólk þæli ekkert mikið í eldvörnum og því að vera öruggt. Maður heldur alltaf að þetta komi ekki fyrir sig,“ segir Sólrún Alda Waldorff.

Sólrúnu Öldu var haldið sofandi í heilan mánuð eftir að henni var bjargað úr eldsvoða í Hlíðunum í Reykjavík haustið 2019.

Hún hlaut alvarleg brunasár og var um tíma ekki hugað líf. Hún hefur síðan verið í endurhæfingu og gengið í gegnum margar húðágræðslur. Skólaheimsóknin er einn liður í bataferlinu.

## Skólaverkefni um eldvarnir

Eldvarnir eru meðal þess sem fjallað er um í útikennslu í skólanum og áttu loka-verkefni nemenda að snúa að því. En hvers vegna völdu ellefu ára stelpur einmitt þetta viðfangsefni?

„Við ætluðum bara að gera verkefni um eldvarnir, af því að hún Sólrún Alda lenti í eldsvoða,“ segir Linddís Lilja Dal Lárusdóttir. Saga Pála Guðjónsdóttir bætir við að það verði að vera greiðar útgönguleiðir, sýnileg slökkvitæki og reykskynjarar í öllum herbergjum ef það skyldi kvikna í: „Það þarf að minna fólk á þetta.“

En var þetta erfitt verkefni? „Ég myndi ekki segja að það hafi verið erfitt að búa bókina til,“ segir Lóa Birna Bogadóttir, „en það var erfitt að sjá hvað hún Sólrún Alda er brennd.“ „Og í hverju hún lenti,“ bætir Saga Pála við.



Sólrún Alda Waldorff tekur við bókinni sem Lóa Birna, Linddís Lilja og Saga Pála sömdu um eldsvoðann og bataferlið. Í baksýn eru bekkjarsystkini stúlnanna ásamt Dagbjörtu útikennara.

Mynd/Þórunn Alda

## Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar

Við leitum að framsæknum og drifandi leiðtoga í starf sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar. Leitað er að stjórnanda með skýra sýn og brennandi áhuga á fræðslu- og frístundamálum til að leiða málaflökkinn á miklum uppbyggingartímum í sveitarfélaginu.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á stjórnun og framkvæmd fræðslu- og frístundamála
- Undirbúningur mála fyrir fræðslunefnd og eftirfylgni með ákvörðunum nefndarinnar
- Stefnumótun í fræðslu- og frístundamálum í samvinnu við fræðslunefnd
- Ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum
- Forysta við þróun og innleiðingu nýjunga á sviði fræðslu- og frístundamála ásamt mati á árangri og eftirliti
- Yfirumsjón með framkvæmd laga og samþykktu um fræðslumál
- Samráð við opinbera aðila, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila á sviði fræðslu- og frístundamála

Fræðslu- og frístundasvið starfrækir fimm grunnskóla, átta leikskóla, frístundamiðstöðina Bólið, Listaskóla Mosfellsbæjar og öfluga skólabjónustu.

Frekari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225 og Kristján Þór Magnússon, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfis Mosfellsbæjar (kristjan@mos.is), í síma 525 6700.

Umsókn óskast fyllt út á ráðningarsíðu Mosfellsbæjar á [www.alfred.is](http://www.alfred.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf (hvort tveggja á íslensku) þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi.

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2024.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Farsæl reynsla af stjórnun með mannaforráð er skilyrði
- Viðtæk þekking á skóla- og frístundaumhverfi sveitarfélaga
- Góð þekking á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér tækninýjungar
- Viðtæk reynsla af og þekking á opinberri stjórnsýslu
- Leiðtogaþæfni og reynsla af breytingastjórnun og nýsköpun í starfi
- Mikið frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Yfirburða samskiptahæfni og þjónustumiðuð hugsun
- Mjög góð hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli, bæði á íslensku og ensku

Sviðsstjóri heyrir beint undir bæjarstjóra og situr í yfirstjórn sveitarfélagsins.





PEPPERONI VEISLA

BAHAMAS




# TRÍÓ MÁNADARINS

AÐEINS 2.390 KR.

Í júní færðu stóra Bahamas, Bazaar eða Pepperoni veislu á aðeins 2.390 kr. ef þú pantar í appinu eða á vefnum, greiðir fyrirfram og sækir í Háholtið. Pantaðu núna!



BAZAAR





Skemmtilegt og nærandi starf • Hittast oft í mánuði

# Lionsklúbburinn Úa hefur í nógu að snúast

Sem fyrr leikur lífið við Úur í Mosfellsbæ við skemmtilegt og nærandi starf klúbbsins.

Fundað er einu sinni í mánuði og þá mæta iðulega fyrirlesarar og má þar nefna Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra Mosfellsbæjar, Aðalstein Hallgrímsson 2. varaum-dæmisstjóra 109B og Margréti Guðjóns-dóttur lögmann.

Einu sinni í mánuði hittast Úur í svo-kallaðri útivist og sjá nefndir til skiptis um að brydda upp á skemmtilegri samveru. Sem dæmi þá var farið í göngutúra, í bíó, í keilu og á kaffihús. Allt til að hafa gaman saman.

Bingó og skemmtikvöld var haldið í Lionsheimili. Komu þar saman Úur og gestir þeirra.

Úur ásamt Lionsklúbbi Mosfellsbæjar buðu í vöflur sumardaginn fyrsta í Hlégarði og fögnuðu sumri með sínu fólki. Þetta var hin hátíðlegasta stund og gaman að endurvekja þennan góða sið.

Haldið til Vestmannaeyja í vorferð. Þar var meðal annars farið í skemmtilega bátsferð út í Klettshelli ásamt því að keyra um eyjuna, fara í pílu og borða góðan mat.



Lionsþing var haldið á Álftanesi í maí en þar mættu margar Úur og nutu vel, skemmtu sér og lögðu af mörkum.

Þrjár konur gengu til liðs við Úur á árinu en alltaf er pláss fyrir nýja félagasem vilja leggja góðum málstað lið. Þar gefst líka tækifæri til að kynna fleirum og getur einnig aukið færni einstaklingsins á ýmsum sviðum, eftt sjálfstraustið og víkkað sjóndeildarhringinn. Þá er félögum boðið að taka þátt ýmsum námskeiðum sem nýtast jafnt í starfi sem og í daglegu lífi.



Unnið með matarsóun 2023-2024 • Munur milli vikna

# Lágafellsskóli hlýtur Grænfánann í þriðja sinn

Lágafellsskóli flaggaði grænfánanum í þriðja sinn föstudaginn 31. maí 2024.

Unnið var með neyslu og hringrásarhagkerfi.

Skólaárið 2022-2023 var unnið með óskilamuni.

Bekkirnir flokkuðu óskilamuni og komu þeim til skila til rétttra eigenda. Það sem ekki var merkt eigenda var gefið í Rauða krossinn. Verkefnið var í höndum nemenda. Flott og nauðsynlegt verkefni.


Skólaárið 2023-2024 var unnið með matarsóun.

Mikið af mat hjá nemendum skólans endaði í ruslinu og okkur langaði að breyta því.

Unnið var með matarúrgang, hann vikt-aður í viku í senn og unnið með tölurnar, til að mynda í stærðfræði.

Matarsóunarkeppni var milli árganga og lítið var af afgangi þá viku sem það verkefni var við lýði.

Matarafgangar voru viktaðir án þeirra vitundar eina viku og síðan aðra viku þar sem allir vissu að vigtun stóð til eftir mat. Raunhæfur munur var á milli vikna.



# Þrjár nýjar stafrænar lausnir á vef Mosfellsbæjar



## Reiknivél frístundagjalda

Sleginn er inn fjöldi barna og klukkustunda á dag í frístund. Niðurstöður sýna heildarkostnað á viku og á mánuði. Reiknivélin tekur mið af systkinaafslætti í útreikningi.

## Reiknivél leikskólagjalda

Sleginn er inn fjöldi barna og klukkustunda í leikskólanum. Niðurstöður sýna heildarkostnað og sundurliðun á dvalar- og fæðisgjaldi á mánuði. Reiknivélin tekur mið af systkinaafslætti.

## Sorphirðudagatal

Hægt er að fletta upp dagsetningu á næstu sorphirðu eftir hverfum. Einnig má sjá næstu þrjár losunardagsetningar og dagatal fyrir árið. Hirðutiðni er 14 dagar fyrir matarleifar og blandaðan úrgang og 21 dagur fyrir pappír/pappa og plastumbúðir.

Mosfellsbær

mos.is

525 6700

# STOFUTÓNLEIKAR Á GLJÚFRASTEINI



Opið  
alla  
daga  
í sumar  
kl. 10-17

Stofutónleikar verða haldnir á Gljúfrasteini alla sunnudaga kl. 16 í sumar (júni, júlí og ágúst) þar sem einvalalið tónlistarfólks mun stíga á stökk. Tónleikarnir hafa verið fastur liður á safninu frá árinu 2006, en í tíð Halldórs og Auðar voru reglulega haldnir tónleikar í stofunni þar sem innlent og erlent tónlistarfólk lék listir sínar.

Miðasala fer fram í móttöku safnsins fyrir tónleika (3.500 kr.) Við bendum gestum á að næg bilastæði eru við Jónstótt.

## JÚNÍ

- 2. JÚNÍ Kári Egilsson píanó
- 9. JÚNÍ Sunna Gunnlaugs píanóleikari og Marína Ósk Þorólfssdóttir söngkona.
- 16. JÚNÍ Páll Ragnar Pálsson og Tui Hirv
- 23. JÚNÍ Silva og Steini
- 30. JÚNÍ Gunnar Kvaran sellóleikari.

## JÚLÍ

- 7. JÚLÍ Sólveig Thoroddsen hörpuleikari og Sergio Coto Blanco lútuleikari.
- 14. JÚLÍ Hjörtur Ingvi Jóhannsson leikur á píanó, Andri Ólafsson á bassa og Magnús Tryggvason Eliassen á trommur.
- 21. JÚLÍ Páll Palomares fiðla og Erna Vala Arnardóttir píanó.
- 28. JÚLÍ Magnús Jóhann píanóleikari og Óskar Guðjónsson saxafónleikari spila jazz.

## ÁGÚST

- 4. ÁGÚST Dúoið Gimi og Stál spila barokk fyrir fiðlu og selló. Sólveig Steinþórsdóttir fiðluleikari og Geirprúður Anna Guðmundsdóttir sellóleikari.
- 11. ÁGÚST Kristján Kristjánsson, KK, leikur eins og honum einum er lagið.
- 18. ÁGÚST Strengjakvartettinn Spúttnik. Kvartettinn skipa: Vigdís Másdóttir, Gréta Rún Snorradóttir, Dilljá Sigursveinsdóttir og Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir.
- 25. ÁGÚST Benedikt Kristjánsson tenór og Mathias Halvorsen píanó leika sönglög eftir Robert Schumann.



GLJÚFRASTEINN  
Hús skáldsins

[www.gljufasteinn.is](http://www.gljufasteinn.is)

[www.gljufasteinn.is](http://www.gljufasteinn.is)  
[www.facebook.com/gljufasteinn](https://www.facebook.com/gljufasteinn)  
[www.instagram.com/gljufasteinn](https://www.instagram.com/gljufasteinn)



OPIÐ  
ALLA DAGA  
9-18

# SUMARBLÓMASALA Í DALSGARÐI Í MOSFELLSDAL

Mikið úrval af fallegum sumarblómum

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ PLANTA SUMARBLÓMUNUM



ASLAUG ARNA OG PÉTUR



EYDÍS ELVA MEÐ VERÐLAUNAPEYSU

Hönnunarsamkeppni Jöklu og Ístex • Nýsköpun í Mosó

# Alls 42 lopapeysur á úrslitakvöldinu

Úrslitakvöld í hönnunarsamkeppninni Ullin og Jökla var haldið í Hlégarði föstudaginn 31. maí.

Hanna átti lopapeysu úr íslenski ull með merki eða hönnun Jöklu rjómalíkjör sem vitnar í hina margrómuðu og ísköldu Jöklu sem streymir niður árfarveginn til hafnsins.

Markmið keppinnar er að styðja íslenskan þrjóna- iðnað, listiðnað, hönnun og frumleika fyrir íslensku ullina sem og nýsköpun fyrir íslenskan landbúnað.

Alls bárust 43 peysur í keppnina.

Keppnin var haldin á vegum fjölskyldufyrirtækisins Jöklavin ehf. sem framleiðir Jöklu rjómalíkjör, mosfellskan drykk sem kom á markað fyrir þremur

árum og hefur fengið góða dóma frá neytendum.

## Nýsköpunarráðherra í dómnefnd

Dómnefndina skipuðu Védís Jónsdóttir yfirhönnuður hjá Ístex, Jón Þór Jónsson mjólkurfræðingur og framleiðslustjóri, Rebekka Kristjánsdóttir sölustjóri hjá Ístex og Aslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Í fyrsta sæti fyrir best hönnuðu peysuna var Erna Lúðvíksdóttir. Í öðru sæti var Eydis Elva Örnólfsdóttir og í því þriðja var Kristjana Jónsdóttir.

Frumlegustu peysuna hannaði Ragnheiður Guðmundsdóttir

Verðlaun fyrir vinsælastu peysuna sem kosin var af fólkinu í salnum hlaut Margrét Þorvaldsdóttir.



SIGURPEYSA ERNU



MOSFELLINGAR Í HLÉGARÐI



MARGAR FLOTTAR PEYSUR BÁRUST

Mosfellsprestakall  
Lágafellssókn

# Framkvæmdastjóri Lágafellssóknar

Lágafellssókn auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra Lágafellssóknar. Framkvæmdastjóri starfar í umboði sóknarnefndar Lágafellssóknar. Starfshlutfallið er 80% og er ráðning ótímabundin. Viðkomandi þarf að geta hafið störf ekki síðar en 1. ágúst nk.

Hjá Lágafellssókn starfar öflugt og samheldið teymi presta og starfsfólks auk sóknarnefndar. Þar starfa þrjár prestar, organisti, kirkjuvörður, æskulýðsfulltrúi og kórstjóri auk leiðtoga í æskulýðsstarfi. Lágafellssókn er ört stækkandi sókn og umfangsmikla starfsemi. Sóknin rekur öflugan styrktarsjóð sem hefur miðlæga stöðu fyrir fjárhagslegan stuðning í bæjarfélaginu. Kirkjugarðar í Mosfellsbæ eru þrjár og sér Lágafellssókn um rekstur þeirra allra.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní.

Hægt er að sækja um á [www.alfred.is/starf/framkvaemdastjori-lagafellssoknar-i-80-starf](http://www.alfred.is/starf/framkvaemdastjori-lagafellssoknar-i-80-starf)

Nánari upplýsingar veitir Ólína Kristín Margeirsdóttir, formaður sóknarnefndar í síma 898-1795 eða í tölvupósti [formadur@lagafellskirkja.is](mailto:formadur@lagafellskirkja.is). Einnig má finna upplýsingar á [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)



ÚTSKRIFTARÁRGANGURINN SLÆR TAKTINN

Stuð og læti við útskrift á Reykjakoti • List fyrir alla

# Kvöddu leikskólann með múrbalaslætti

Útskrift leikskólabarna frá Reykjakoti fór fram 29. maí og var með eindæmum skemmtileg.

Í heimsókn kom tónlistarfólk með múrbala og söngródd að vopni. Hófst þá tónlistarsmiðja sem endaði á útskriftar-

atriði fyrir foreldra og aðra aðstandendur útskriftabarna.

Allir fengu múrbala sem þeir binda utan um sig og tvo kjuða. Síðan er einfaldlega talið í. Það var því mikið fjör á Reykjakoti á lokadegi elstu barnanna.

# Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)



Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700

Skínandi sólskins burrito

# SUMAR BURRITO

2.599 Kr.

Líka  
fáanlegur  
í skál



  
serrano



## Unglingamót norrænna vinabæja

Auglýst er til umsóknar fyrir ungmenni í grunnskólum Mosfellsbæjar fædd 2009 að taka þátt í unglíngamóti norrænna vinabæja Mosfellsbæjar.

Í ár er mótið haldið í Uddevalla dagana 17. -20. september.

Pema unglíngamótsins er sirkuslistir.

„Hvort sem þú ert byrjandi eða vanur, þá er eitthvað fyrir alla! Sirkusinn krefst ekki sérstakrar færni, lærðu grunnatriðin í jöggli, prófaðu silkilofffímléika, eða þorðu að fara í trapisuna undir leiðsögn reyndra kennara. Þér mun líða eins og sönnum sirkuslistamanni áður en búðunum lýkur!“

Sótt er um á þjónustugátt Mosfellsbæjar.

Umsókn skal skilað fyrir 1. júlí 2024 . Með umsókn þarf að fylgja umsögn kennara eða annars leiðbeinanda.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700



BJARTMAR OG BERGRISARNIR

Tónlistarmaðurinn fluttur í Mosó • Tónleikar 15. júní

## Bjartmar í Bankanum

Bjartmar og Bergisarnir ætla að halda tónleika í Bankanum, Mosfellsbæ laugardagskvöldið 15. júní.

Þeir munu spila þekktustu lög Bjartmars og má þar t.d. nefna „Á ekki eitt einasta orð“, „Af því bara“ og „Veistu hver ég er“ sem hafa notið afburða vinsælda ásamt gömlu og góðu lögunum sem allir þekkja.

Bjartmar er fluttur í Mosfellsbæinn og líður mjög vel á nýjum stað.

Hljómsveitina skipa ásamt Bjartmari: Júlíus Freyr Guðmundsson á bassa, Birkir Rafn Gíslason á gítar, Daði Birgisson á hljómborð og Arnar Gíslason á trommur. Miðasala er á Tix.is.



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

# Deiliskipulags- breyting fyrir Korputún



Tillagan gengur út á að breyta lóðamörkum lóða A og B og breyta byggingareitum og byggingarmagni á lóðum A-B og D.

Jafnframt er götuheiti Korputúns fært inn í deiliskipulagsgögn, húsnúmer uppfærð og skilmálar varðandi byggingar uppfærðir. Breytingar taka til greinargerðar og sérskilmála ásamt skilmálatöflu, deiliskipulagsuppráttar, skýringauppráttar og skýringasniðs.

Hægt er að kynna sér tillögurnar á vef Mosfellsbæjar á slóðinni [mos.is/skipulagsauglysingar](http://mos.is/skipulagsauglysingar) og á vef Skipulagsstofnunar á slóðinni [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is), Mál nr. 589/2024.

Athugasemdir skulu berast með rafrænum hætti í gegnum skipulagsgáttina. Athugasemdafrestur er til og með 8. júlí 2024.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700

**ALLT**  
FASTEIGNASALA

Sérsniðin þjónusta til  
byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505

# Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar

Menningar- og lýðræðisnefnd óskar eftir umsóknum og tilnefningum frá Mosfellingum um einstakling eða samtök listafólks í Mosfellsbæ sem bæjarlistamaður ársins 2024.

Útnefning bæjarlistamanns fer fram í tengslum við bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima.



Allt starfandi listafólk, listahópar og samtök sem starfa í Mosfellsbæ koma til greina og nefndin metur allar umsóknir og tilnefningar sem fram koma. Bæjarlistamaður mun á því ári sem hann er tilnefndur kynna sig og verk sín innan Mosfellsbæjar. Auk nafnbótarinnar er bæjarlistamanni veittur menningarstyrkur.

Umsóknir og tilnefningar skulu berast rafrænt í gegnum þjónustugátt bæjarins og þurfa að hafa borist í síðasta lagi 11. ágúst 2024.

Frekari upplýsingar á [mos.is/baejarlistamadur](http://mos.is/baejarlistamadur)

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700



HESTAMENNT

## Reiðnámskeið sumarið 2024



HESTAMENNT

- Námskeið 1. 7.júní - 21.júní\*
- Námskeið 2. 24.júní - 5.júlí
- Námskeið 3. 8.júlí - 19.júlí
- Námskeið 4. 22.júlí - 2.ágúst \*\*
- Námskeið 5. 29.júlí - 2.ágúst\*\*\*
- Námskeið 6. 6.ágúst - 16.ágúst

\*Frídagur þann 17.júní

\*\*Aðeins eftir hádegi

\*\*\*Aðeins fyrir hádegi

Námskeið sumarsins  
hentar öllum  
hressum hestakrökkum  
bæði vönum og óvönum.

Stubbanámskeið  
verður haldið vikuna  
22.júlí - 26.júlí  
Fyrir yngstu knapana  
4 - 6 ára

Skráning og nánari  
upplýsingar má nálgast á  
[hestamennt.is](http://hestamennt.is)

 Hestamennt

 Hestamennt



## DAGSKRÁ

**KI. 11:00**

### HÁTÍÐARGUÐSPJÓNUSTA Í LÁGAFELLSKIRKJU

Prestur: Sr. Henning Emil Magnússon.  
Skátar standa heiðursvörð.

**KI. 12:00**

### HÁTÍÐARDAGSKRÁ VIÐ VARMÁRLAUG

Hátíðardagskrá í tilefni 60 ára vígsluafmælis laugarinnar og 60 ára afmælis Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar.

**KI. 13:30**

### SKRÚÐGANGA FRÁ MIÐBÆJARTORGINU

Skátafélagið Mosverjar leiðir skrúðgöngu að Hlégarði.

**KI. 14:00**

### FJÖLSKYLDUDAGSKRÁ VIÐ HLÉGARÐ

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tekur á móti skrúðgöngu. Ávarp fjallkonu og hátíðarræða. Bolli og Bjalla úr Stundinni okkar kynna dagskrána. Silvía Erla og Árni Beinteinn, úr þáttunum Bestu lög barnanna, syngja og dansa. Lína Langsokkur og Leikfélag Mosfellsveitar. Solla stírða og Halla hrekkjusvín. Lotta mætir með atriði úr Ævintýraskógi leikhópsins. VÆB bræðurnir Matthías Davíð og Hálfán Helgi.

**KI. 16:00**

### AFLRAUNAKEPPNI

Keppt um titilinn Sterkasti maður Íslands (-90 kg og -105 kg) og Stálkonan 2024 á Hlégarðstúinu. Hjalti Úrsus heldur utan um árlega aflraunakeppni.



SÖLUTJÖLD HOPPUKASTALAR  
SKÁTALEIKIR OG ÞRAUTIR  
ANDLITSMÁLUN PYLSUSALA



*Glasilegt*

# KAFFIHLAÐBORD

*í Hlégarði*

**KL. 14-16**



FRÍTT FYRIR ÞÁ SEM MÆTA Í ÞJÓÐBÚNINGI

# 17. JÚNÍ

*í Mosó*



**SKRÚÐGANGA**  
FRÁ MIÐBÆJARTORGINU  
KL. 13:30



**BOLLI OG BJALLA**



**SOLLA STIRÐA**  
**HALLA HREKKJUSVÍN**



**VAEB**



**LEIKHÓPURINN LOTTA**



**AFLRAUNAKEPPNI**



# LESTRARHETJAN

Lestur veitir  
ofurkraft!



## LESTRARHETJAN - SUMARLESTUR 2024

Komdu við í Bókasafni Mosfellsbæjar og nældu þér í lestrarhefti sem einnig er stórskemmtilegt ofurhetjuspil!

Þú lest í sumar, tekst á við áskoranir og safnar límmiðum í heftið. Þannig færðu betri mynd af Skarkalabæ og getur bjargað íbúum bæjarins úr vanda. Komdu og vertu ofurhetja!




# MYNDASÖGUSMIÐJA

FYRIR 10-12 ÁRA

Í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

11.-13. JÚNÍ KL. 9:30-12:00



Hefur þú gaman af allskonar týpum? Flest okkar hafa sett upp grettu, fýlu eða gleðibros fyrir myndavélina, en hvernig teiknum við þessi ólíku svipbrigði? Í myndasögusmiðjunni skapa þátttakendur sínar eigin myndasögupersónur frá grunni og læra að breyta hversdaglegum hlutum í stórskemmtilegar persónur.

Smiðjustjóri er Vilborg Bjarkadóttir, myndlistarkennari.

Smiðjan er ókeypis og er allt efni innfalið. Skráning er nauðsynleg og fer fram í gegnum sumarfrístundarvef Völu - [sumar.vala.is](http://sumar.vala.is).

# OPIÐ KALL!

Listasalur Mosfellsbæjar



## AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM FYRIR SÝNINGARÁRIÐ 2025

Sótt er um rafrænt á íbúagátt Mosfellsbæjar  
[ibuagatt.mos.is](http://ibuagatt.mos.is), undir umsóknir

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní

## SUMARAFGREIDSLUTÍMI

*Bókasafns Mosfellsbæjar*

Mánudaga kl. 12-18

Þriðjudaga kl. 12-18

Miðvikudaga kl. 12-18

Fimmtudaga kl. 12-18

Föstudaga kl. 12-18

Laugardaga **LOKAÐ**

Lokað verður á laugardögum frá og með 15. júní til og með 17. ágúst.



*Listasalur Mosfellsbæjar*

## Viðloðun í Listasalnum

Sýningin Viðloðun opnaði með glæsibrag þann 2. maí í Listasal Mosfellsbæjar.

Á sýningunni varpar Hye Joung Park upp hugrænni mynd af tilverunni í hnattrænum heimi, þar sem rými og tímaskynjun nútíma-

manna er sundurliðuð með fjarlægð, en á sama tíma tengd.

Hye Joung býður gestum sýningarinnar að upplifa tíma og rými sem loða við verkin. Sýningin í Listasalnum stendur til og með 21. júní.

## SUMARMESSUR Í MOSFELLSBÆ, KJALARNESI OG KJÓS

2024

### 2. júní – Sjómanna dagurinn

20:00  
Kvöldmessa í Lágafellskirkju  
Sr. Arndís Linn

### 9. júní

20:00  
Messa í Brautarholtskirkju  
Sr. Arna Grétarsdóttir

### 17. júní

11:00  
Hátíðarguðspjónusta í  
Lágafellskirkju með þátttöku skáta  
Sr. Henning Emil Magnússon

### 23. júní

14:00  
Helgistund við úttalarið við Esjuberg  
í samstarfi við sögufélagið Steina  
Sr. Henning Emil Magnússon  
og sr. Arna Grétarsdóttir

### 30. júní

20:00  
Kvöldmessa í Lágafellskirkju  
Sr. Henning Emil Magnússon

### 7. júlí

14:00  
Sumarmessa í Saurbæjarkirkju  
á Kjalarnesi  
Sr. Arna Grétarsdóttir

### 14. júlí

20:00  
Kvöldmessa í Lágafellskirkju  
Sr. Henning Emil Magnússon

### 18.–21. júlí

Pílagrímaganga frá Reynivallakirkju  
að Skálholti um Þingvelli

### 21. júlí

20:00  
Kvöldmessa í Lágafellskirkju  
Sr. Arndís Linn

### 28. júlí

20:00  
Kvöldmessa í Lágafellskirkju  
Sr. Arndís Linn

### 4. ágúst

14:00  
Hestamessa í Reynivallakirkju  
Sr. Sighvatur Karlsson

### 11. ágúst

20:00  
Kvöldmessa í Lágafellskirkju  
Sr. Arndís Linn

### 18. ágúst

20:00  
Kvöldmessa í Lágafellskirkju  
Sr. Henning Emil Magnússon

### 25. ágúst

20:00  
Kvöldmessa í Lágafellskirkju  
Sr. Henning Emil Magnússon

### 28. ágúst

20:00  
Tónleikar í Lágafellskirkju í túninu  
heima. Nánar auglýst síðar

### 1. september

20:00  
Kvöldmessa í Lágafellskirkju  
í túninu heima  
Sr. Arndís Linn og  
sr. Henning Emil Magnússon

# Ég fæ að kafa ofan í ýmsa heima

**V**ivian Ólafsdóttir útskrifaðist úr Kvikmyndaskóla Íslands árið 2012 og hefur síðan þá starfað sem leikkona. Hér á landi er hún hvað þekktust sem Stefánía í Leynillöggunni og svo lék hún hugrökku Kristínu í Napoleonsskjölunum en Vivian var tilnefnd til Edduverðlauna fyrir bæði þessi hlutverk.

Þessa dagana er hún að leika í bíómynd og fram undan eru svo tókur á þáttum en í báðum þessum verkefnum fer Vivian með aðalkvenhlutverkin.

Vivian er fædd í Færeyjum 12. maí 1984. Foreldrar hennar eru Rita Didriksen og Ólafur Andrésson en hann lést árið 2011.

Vivian á fjögur systkini, Anní f. 1989, Örn Bjartmars f. 1995, Andra Snæ f. 2000 og Natan Mána f. 2001.

## Hér hefur mér alltaf liðið best

„Ég átti mjög óhefðbundna æsku því við fluttum svo oft á milli staða, ég bjó aldrei lengur en tvö ár á hverjum stað og stundum skemur. Ég ólst upp á stórhöfuðborgarsvæðinu, úti á landi og í Þýskalandi. Mín rót er og verður samt alltaf í Mosfellsbæ, hér hefur mér alltaf liðið best enda bý ég hér í dag og er alls ekki á förum.“

Ég á margar góðar æskuminningar, þegar við þabbi vorum að veiða á sumrin, þá sátum við saman á árbakkanum í algjörrri þögn og borðuðum lakkrís. Dásamlegar gæðastundir með afa og ömmu á Laugabóli í Mosfellsdal og svo var það Akratúnið hjá Ingu vinkonu, ég var á tímabili heimalningur þar á bæ og það var margt brallað á Reykjum.“

## Allt svo nýtt og spennandi

„Ég gekk í sjö grunnskóla, þrjá framhaldsskóla og útskrifaðist svo úr fjarnámi frá skóla í Þýskalandi. Þetta voru alls konar upp og niður upplifanir.“

Ég man samt vel eftir 1. og 2. bekk í Varmárskóla, mér leið virkilega vel í þeim skóla og á bara góðar minningar þaðan. Allt var svo nýtt og spennandi og fyrsti kennarinn minn hét Agnes.

Á sumrin starfaði ég í unglingavinnunni, sláturhúsi, skóbúð ömmu minnar og afa og undirfataversluninni Misty.“

## Messi á frystitogara

Eftir útskrift úr gagnfræðaskóla fór Vivian beint á sjóinn, var messi á frystitogara. Afi hennar hafði verið skipstjóri í Færeyjum áður en þau hjónin fóru út í verslunarrekstur hér á landi.

„Afi var æðislegur og ég elskaði sjóinn svo ég hugsaði með mér, af hverju ekki að gerast bara skipstjóri eins og hann. Ég var hörkudugleg og vildi sanna mig og þegar ég var búin með mín störf sem messi fór ég oft niður í vinnslu og starfaði þar eins og aðrir hásetar. Þessi vinnustaður var að drukna í eitraðri karlmennsku og ég var áreitt af mörgum en sem betur fer voru þarna nokkrir karlar sem þótti vænt um



Fjöskyldan í München 2022, Esja, Funi, Vivian, Óli og Una.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur  
**MOSFELLINGURIN**  
ruth@mosfellingur.is

mig og vernduðu mig. Ég fór í nokkur skipti í von um að komast að sem háseti, mér fannst ég vera búin að sýna það að ég gæfi þessum kórlum ekkert eftir. Skipstjórinn tók samtalið og sagðist ekki geta gefið unglingsstúlku eftir það pláss sem fjölskyldumenn biðu eftir. Ég skildi það mæta vel og sagði þar með skilið við sjóinn, en var engu að síður smá sár.“

## Skellti sér til Hollywood

„Eftir sjóævintýrið mikla fór ég til Kýpur og Beirút, fór að vinna á bar og ferðaðist mikið. En um tvítugt skellti ég mér til Hollywood og fór þar á námsskeið í virtum leiklistarskóla í Santa Monica. Þetta var skemmtilegur tími og þarna kynntist ég leikurum sem voru í svona „underground workshops“, þarna sá maður í raun líf strögglandi leikara.“

Þegar ég kom heim tóku við ýmis ævintýri, ég flutti aftur til Þýskalands þar sem ég hafði alist upp um tíma. Ég fór í háskóla í Hannover og byrjaði að læra heimspeki og trúarbragðafræði en listin kallaði alltaf á mig,“ segir Vivian og brosir.

## Maður er stanslaust að læra

Eftir að Vivian flutti aftur heim til Íslands hóf hún störf hjá Mosfellsbæ, var starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar Bólsins, sá um tjaldsvæðið og var yfir skemmtinefnd 17. júní hátíðarinnar. Með þessum störfum var hún líka að stíga sín fyrstu skref sem leikkona. Hún hóf nám í Kvikmyndaskóla Íslands og útskrifast þaðan árið 2012. Frá útskrift hefur Vivian starfað sem leikkona og hefur tekið að sér hin ýmsu verkefni. Leikið í risaauglýsingum, tekið að sér aukahlutverk, en hún er hvað þekktust fyrir leik sinn í Leynillöggunni og Napoleonsskjölunum þar sem hún fór með stór hlutverk.

En af hverju leiklist? „Hjá mér er það þörfin fyrir að líkama sögur sem við viljum eða viljum ekki heyra eða sjá. Þetta er bæði líkamleg og andleg áskorun og maður er stanslaust að læra og vaxa. Ég fæ að kafa í hina ýmsu heima, kynnast alls konar fólki og gera ýmis konar sem er fyrir mörgum mjög skritið, bæði óhefðbundnið og jafnvel erfitt en þá finnst mér extra gaman,“ segir Vivian.

## Vil geta haft jákvæð áhrif

„Ég á mér draum um að segja mínar eigin sögur, fjalla um málefni sem skipta mig máli og helst vil ég geta haft jákvæð áhrif á samfélagið mitt. Ég er bæði að skrifa kvikmyndaupplifun og uppspuna og líka sögur af raunverulegum atburðum, gamanþætti og þætti um heilsu Íslendinga.“

Fyrir utan þetta allt saman þá stefni ég

## HIN HLIÐIN

**Ertu með húðflúr?** Já tvö vel falin.

**Best fyrir líkama og sál?**

Ást, falleg ræktun.

**Fallegasti staður í Mosfellsbæ?**

Margir sem koma til greina en ég ætla að setja Nóngilsfoss að sumri til.

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú gerir?** Skúra og vera með bilaðan bíl.

**Áttu eitthvert gælunafn?** Nei.

**Best á grillið?** Nýveiddur silungur.

**Hver myndi leika þig í bíómynd?**

Esja dóttir mín, við erum mjög líkar en af leikurum á Íslandi myndi ég segja Sara Dögg Ásgeirsdóttir.

**Bestu kaup sem þú hefur gert?**

Jakki sem ég nota mjög mikið, bæði hversdags og spari.



SYSTKININ ÓLI, ESJA, FUNI OG UNA



EINS ÁRS Í FÆREYJUM

FRUMSÝNING Á NAPÓLEONSSKJÖLUNUM

» **Mín rót er og verður alltaf í Mosfellsbæ, hér hefur mér alltaf liðið best.**

## Náttúran er svo dásamleg

Vivian á fjögur börn, Kolbrúnu Unu f. 2009, Dagnýju Esju f. 2012, Gunnar Óla f. 2017 og Natan Funa f. 2019.

Vivian er listmálari frá náttúrunnar hendi, hefur alla tíð verið teiknandi og málandið alveg frá því hún var ung. Hún var til að mynda fengin til að mála fimm risaverk fyrir handboltafélagið í Lemgo í Þýskalandi.

„Ég er mikil fjölskyldumanneskja og rík af vinum og elska að eiga góðar stundir með mínu fólki. Það gefur lífinu gildi að hafa gaman og hlæja saman og ég reyni að gera sem mest af því. Sem leikkona og einstæð móðir þá er ekki alltaf í boði að fara til útlanda eða að fara í kostnaðarsamar upplifanir, náttúran okkar hér heima er svo dásamleg og við fjölskyldan notum hana mikið, sérstaklega hér í bænum.“



# Fótbolti fyrir alla

Afturelding í samstarfi við Mosfellsbæ ætlar að byrja með æfingar fyrir einstaklinga með fatlanir og sérparfir sem mun bera heitið „Fótbolti fyrir alla“.

Verkefnið snýst um að kynna fótbolta fyrir einstaklingum með fatlanir og sérparfir óháð kyni, getu og aldri.

Boðið verður uppá skemmtilegar þrautir og leiki sem henta öllum.

## Allir velkomnir!

Upplýsingar um æfingatíma og dagskrá birtist síðar.  
Hafir þú áhuga á að taka þátt eða spurningar er hægt að senda póst á yfirþjálfara verkefnisins eða íþróttafulltrúa Aftureldingar.

Toni Pressley  
tdeionp11@gmail.com

Árni Bragi  
arnibragi@afturelding.is





Mynd/Ragnar Eðvaldsson

Afturelding lagði KR í oddaleik á Meistaravöllum • Góður stuðningur úr stúkunnni • Verið að skrifa söguna

# Fyrsti Íslandsmeistaratitillinn í körfu

Afturelding varð á dögnum Íslandsmeistari í fyrsta sinn í sögu körfuboltadeildar Aftureldingar þegar lið drengja í 9. flokki varð Íslandsmeistari. Liðið er skipað drengjum í 9. bekk og sigraði það KR á útivelli í oddaleik 66-51 fyrir framan rautt haf af mosfellskum stuðningsmönnum.

Aftureldingarstrákarnir enduðu í 4. sæti í deildarkeppni vetrarins og mættu toppliði Stjörnunnar í undanúrslitum

og höfðu þar sigur í framlengdum leik og var það KR sem beið þeirra í úrslitaeinvíginu þar sem vinna þarf tvo leiki til að verða Íslandsmeistari.

Einvígið hófst á heimavelli KR og vann Afturelding 57-53. Leikur 2 var leikinn að Varmá fyrir framan á fjórða hundrad áhorfendur sem höfðu hátt og studdu drengina vel og vandlega en það fór þó svo að KR vann og því oddaleikur á

heimavelli KR staðreynd.

Í úrslitaleiknum byrjuðu heimamenn betur en í öðrum leikhliða tóku Mosfellingar völdin, létu þau aldrei af hendi og unnu að lokum 15 stiga sigur og var fögnuðurinn mikill í lokin. Enda verið að skrifa söguna í Mosfellsbæ.

Dílanas Sketrys leikmaður Aftureldingar var valinn mikilvægasti leikmaður úrslitaeinvígisins.



## Smalamót Harðar

Æskulýðsnefnd Harðar stóð fyrir Smalamóti í Mosfellsbæ, sunnudaginn 12. maí.

Mætingin var til fyrirmyndar hjá börnum, unglingum og ungmennum og nokkuð ljóst að þetta verður árlegur viðburður, sem mun eflast og stækka með tíð og tíma.

Þátttakendur tókust á við hinar ýmsu þrautir og fengu svo verðlaun fyrir framúrskarandi árangur. Það voru meðal annars veitt verðlaun fyrir geggjaða smala, flottasta kúreka búninginn, flottasta brokkið, kjarkaðasta knapann, flottasta hindrunarstökkið, liðugasta parið, flottasta faxið, flottasta töltilið, flottasta fetið og fleira. Þetta heppnaðist mjög vel, enda fóru allir sáttir út í daginn með fullan maga af góðgæti og verðlaunapening um hálsinn.



## Líf og fjör og Malbikstöðinni að Varmá

Malbikstöðin bauð áhorfendum frítt inn á leik Aftureldingar og Grindavíkur í Lengjudeild karla á Malbikstöðinni að Varmá, heimavelli Aftureldingar, á dögnum.

Malbikstöðin bætti um betur og bauð öllum sem mættu upp á fría hamborgara frá Kjötubúðinni og drykki frá Ölgerðinni með. Starfsfólk frá Malbikstöðinni mætti að grilla borgarana og var mikil ánægja hjá áhorfendum með þetta framtak. Þá var einnig boðið upp á hoppukastala fyrir yngri kynslóðina.

Fullt af leikjum er fram undan hjá báðum

meistaraflokkunum á Malbikstöðinni að Varmá í júní eins og sjá má hér að neðan. Mætum á völlinn og tökum þátt í stemningunni!

### Meistaraflokkur kvenna

Afturelding-Fram (fim 6. júní 19:15)  
Afturelding-Próttur R. (þri 11. júní 20:00)  
Afturelding-ÍBV (fös 21. júní 19:15)

### Meistaraflokkur karla

Afturelding-Dalvík/Reynir (lau 8. júní 15:00)  
Afturelding-ÍBV (fim 20. júní 18:00)  
Afturelding-Fjöllnir (mið 26. júní 19:15)

**AFTURELDINGAR  
VÖRURNAR  
FÁST HJÁ OKKUR**



**JAKO**  
SPORT ÍSLANDI

# Sumarnámskeið Aftureldingar



**SUMARNÁMSKEIÐ  
KÖRFUBOLTAEILDAR**



10-14.júní  
17.-21.júní  
24.-28.júní  
1.-5.júlí  
5.-9.ágúst  
12.-16.ágúst

Upplýsingar: saebi@simnet.is  
skráning á Sportabler  
Verð : 5.000 kr

## KNATTSPYRNUSKÓLI AFTURELDINGAR



18.-21.júní  
24.-28.júní  
1.-5.júlí  
6.-9.ágúst  
12.-16.ágúst

UPPLÝSINGAR : BJARKI@AFTURELDING.IS  
VERÐ: 10.900KR  
SKRÁNING Á SPORTABLER



**Fjallahjólæfingar  
Unglinga**

nánari upplýsingar hjá yfirbjálfara  
olibraga@gmail.com



1.-5. JÚLÍ  
6.-9. ÁGÚST  
12.-16. ÁGÚST

## SUMARNÁMSKEIÐ HANDBOLTANS

UPPLÝSINGAR : GUNNAR@AFTUELDING.IS  
SKRÁNING Á SPORTABLER  
VERÐ: 8.900 KR



## Sumarnámskeið Fimleikar & Sund

**Heilsdagsnámskeið**  
🕒 8:00 - 16:00

10. - 14. júní	8. - 12. júlí	Vikunámskeið
18. - 21. júní	6. - 9. ágúst	Verð: 25.000 kr.
24. - 28. júní	12. 16. ágúst	Með hádegismat
1. - 5. júlí		Verð: 30.500 kr.



# Íslands- meistarar í 3. flokki

Afturelding varð þann 19. maí Íslandsmeistari 3. flokks karla í handbolta eftir 31-30 sigur gegn Haukum, í hálfleik var staðan 17-15 Haukum í vil.

Mikilvægasti leikmaður leiksins var valinn Ævar Smári Gunnarsson leikmaður Aftureldingar. Hann skoraði alls 12 mörk í leiknum. Harri Halldórsson skoraði 7 og Leó Halldórsson 6 mörk. Sigurjón Bragi varði 14 bolta í markinu.

Þjálfarar Aftureldingar eru Stefán Árnason og Jóhann Ingi Guðmundsson.



Frábær árangur hjá Karatedeild Aftureldingar

## Fjórir Íslandsmeistarar unglunga í kata

Helgina 4.-5. maí var haldið Íslandsmeistararnót barna og unglunga í kata í Smáranum í Kópavogi.

Í unglungaflokki voru 6 keppendur og kepptu þau bæði í einstaklings- og hóp-kata. Þau náðu frábærum árangri og komu heim með fjóra Íslandsmeistararitla og allir komust á pall!

### Keppendur og verðlaun

Alex, Kristína og Róbert  
- hóp-kata 12-13 ára - Íslandsmeistarar  
Elín, Eva og Inez  
- hóp-kata 14-15 ára - brons

Alex Bjarki Davíðsson  
- 12 ára piltar - Íslandsmeistari  
Robert Matias Bentia - 12 ára piltar - silfur  
Eva Jónína Daníelsdóttir  
- 12 ára stúlkur - Íslandsmeistari  
Elín Helga Jónsdóttir  
- 13 ára stúlkur - Íslandsmeistari  
Kristína Svava Eypórsdóttir  
- kata 13 ára stúlkur - silfur  
Inez Rojek - kata 14 ára stúlkur - brons

Samanlagt varð Afturelding í 2. sæti á mótinu en það er besti árangur sem náðst hefur á þessu móti frá upphafi.



FLOTTIR KARATEKRAKKAR



DJÚPT Í DRULLU



HÓPEFLI Í HÆSTA GÆDAFLOKKI



LOKAPRAUTIN



SKRIDIÐ UNDIR GADDAVIRINN



BRAUTARVARSLA Í BLÍÐUNNI

Metfjöldi í skemmtilegu þrautahlaupi Kettlebells Iceland • Mosfellskt samvinnuverkefni

## 30 þrautir og 10 kílómetrar

Á þriðja hundrað manns tóku þátt í KB þrautinni þann 18. maí. Þrautin var um 10 kílómetra löng og þrautirnar um 30 talsins.

Þátttakendur voru himinlifandi með daginn eins og umsögn eins þeirra sýnir vel: „Ég var að fara í mitt fyrsta þrautahlaup og fannst þetta alveg sturluð upplifun! Hlaupaleiðin var æðisleg og þrautirnar mjög fjölbreyttar og skemmtilegar. Þrauta-

stjórnarnir og annað starfsfólk var geggjað, bæði hjálpsamt og hvetjandi. Ég mun klárlega taka þátt að ári“.

### Endurtekið í mosfellsku ölpunum

Knattspyrnufélagið Álafoss var stærsti styrkþegi hlaupsins í ár, en sjálfboðaliðar frá félaginu voru þrautastjórar á mörgum stöðum í brautinni. Ákveðið hefur verið að KB þrautin 2025 verði haldin, að sjálfsögðu

í mosfellsku ölpunum eins og alltaf, laugar daginn 17. maí.

KB þrautin er mosfellskt samvinnuverkefni og væri ekki framkvæmanleg nema með ómetanlegu framlagi fjölmargra sjálfboðaliða, velvilja landeiganda í Mosfellsbæ, stuðningi fyrirtækja (VGH, Blómasmiðjan, Sportvörur og MS), samvinnu við Reykjalund og Aftureldingu og hjálpsami þjónustustöðvar Mosfellsbæjar.



## Ofarlega í göngugötukeppni

Þann 14. maí var Götgöngukeppni Virkni og vellíðan haldin í annað sinn. Yfir 300 keppendur voru skráðir til leiks. 19 keppendur mættu til leiks úr Mosó, bæði frá Varmá (Heilsa & Hugur) og World Class (Gleðisprengrjurnar). Keppendur stóðu sig með þryði og komu heim með fjögur verðlaun.

Í flokki 80 ára og eldri þá voru þær Hafdís Pétursdóttir í öðru sæti og Hildigunnur í

þriðja sæti.

Í flokknum 70 til 79 ára þá var Anna K. Ágústsdóttir í öðru sæti.

Í flokknum 60-69 ára þá var Margrét Samsonardóttir í öðru sæti og var Margrét einnig í öðru sæti yfir allar konur sem tóku þátt í keppninni í ár.

Þjálfararnir eru heldur betur stoltir af þessu frábæra og flotta fólki sem við eigum hér í Mosfellsbænum.

## Níu leikmenn Aftureldingar í A landsliði

A landslið Íslands í blaki tóku í fyrsta skipti þátt í Silver league keppni á vegum Blaksambands Evrópu.

Spilað er á þremur helgum í mismunandi löndum og var fyrsta mótíð á Íslandi. Afturelding átti samtals níu leikmenn í A landsliðum karla og kvenna auk liðsstjóra kvennaliðsins og sjúkraþjálfara og aðalþjálfara karlaliðsins í mótinu. Strákarnir fóru til Færeyja og Makedóníu og stelpurnar til Portúgal og Georgíu.



EINAR OG STELPURNAR Í PORTÚGAL



# Rekstrarstjóri Aftureldingar

Ungmennafélagið Afturelding óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf rekstrarstjóra félagsins. Um er að ræða nýtt starf sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra félagsins. Afturelding er ört stækkandi fjölgreinafélag með 11 deildir starfræktar og um 2.000 iðkendur. Skrifstofa félagsins er staðsett í góðu starfsumhverfi að Varmá í Mosfellsbæ og í nálægð við alla starfsemi félagsins.

### Tilgangur og markmið

Rekstrarstjóri hefur umsjón með fjármálum Aftureldingar og vinnur eftir stefnu og markmiðum aðalstjórnar á hverjum tíma í samvinnu við stjórnir deilda. Starf rekstrarstjóra Aftureldingar er fullt starf.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Vinnur náð með framkvæmdastjóra að öllu sem viðkemur rekstri og fjármálum félagsins. Hefur umsjón með áætlanagerð og fjárhagslegri skýrslugerð. Gerir eftir þörfum yfirlit um fjárhagsstöðu félagsins og einstakra deilda. Hefur aðhald með fjármálum deilda og aðalstjórnar, greiðir reikninga og vinnur að bókhaldi, afstemmingum og ársuppgjöri í samstarfi við bókhald Aftureldingar. Hefur eftirlit með lausafjárstöðu félagsins og lausafjárstyringu. Hefur eftirlit með að deildir félagsins fylgi reglum um meðferð fjármuna og sinnir ráðgefandi hlutverki. Tryggir reglulega upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra og stjórnenda deilda um þróun lykiltalna rekstrar út frá rekstraráætlunum. Eftirfylgni launavinnslu, innheimtu æfingagjalda og annarra viðskiptakrafna. Annast önnur verkefni sem honum eru falin og samkomulag er um.

### Menntunar- og hæfniskröfur

Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Þekking af fjárfyrirringu, reikningshaldi og áætlanagerð. Góð íslensku- og enskukunnátta. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð og góðir samskiptahæfileikar. Áhugi og/eða reynsla af starfsemi íþróttafélaga er kostur. Hreint sakavottorð.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Ingi Hrafnsson, framkvæmdastjóri Aftureldingar, [enar@afturelding.is](mailto:enar@afturelding.is) eða í síma 866-5544.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS  
UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR  
BORGARBYGGÐ

# UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ FYRIR 11-18 ÁRA.  
TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

# UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

BORGARNESI  
1.-4. ÁGÚST



ALLT UM MÓTIÐ  
[UMFI.IS](http://UMFI.IS)



Öldungamót í blaki að Varmá • Þriggja daga veisla

## Vel heppnuð Mosöld

Blakdeild Aftureldingar sá um Öldungamót Blaksambands Íslands 2024 og hlaut mótið nafnið Mosöld 2024.

Þetta var fjórða Mosöldin í umsjá Aftureldingar og mættu um 1.300 blakarar í Mosfellsbæinn dagana 9.-11. maí og spiluðu blak að Varmá, bæði í íþróttamiðstöðinni sem og í knattþúsínu sem hlaut nafnið Valor-höllin á meðan á mótinu stóð.

Til að vera gjaldgengur á Öldungamótið þá þarf að vera þritugur á árinu en aldursbilid á keppendum nær frá 30 og upp í 80 ára aldur.

### Liðin á mótinu 151 talsins

Margir íbúar bæjarins leigðu út húsin sín á meðan á mótinu stóð til liða utan af landi en alls sóttu 151 lið alls staðar af landinu Mosfellsbæ heim þessa daga. Bankinn bistro var með frábær tilbod og bauð blakara velkomna í mat og skemmtanir auk þess sem félagsheimilið okkar Hlégarður stóð svo sannarlega undir nafni og sóttu blakarar skemmtanir þangað tvö kvöld í röð.

Spilaðir voru tveir landsleikir á Mosöldinni þar sem íslenska karlalandsliðið spilaði við All-Star lið erlendra leikmanna sem spila í efstu deild á Íslandi og daginn eftir spilaði íslenska kvennalandsliðið við landslið Færeyja og var mikið fjör á pöllumum að Varmá en Ísland vann báða þessa leiki.

Mosöldinni lauk svo með um 1.000



manna veislu með mat frá Kjötbúð Geira og dúndrandi balli undir tónum Stuðlabandsins.

### 100 sjálfboðaliðar komu að mótinu

Blakdeild Aftureldingar vill koma á framfæri kærur þökkum til allra þeirra fjölmörgu stuðningsaðila mótsins og til allra sem aðstoðuðu við mótið en um 100 sjálfboðaliðar innan blakdeildarinnar komu að framkvæmd mótsins og voru þátttakendur ákaflega ánægðir með framkvæmd mótsins og allt skipulag og þá frábæru aðstöðu sem boið var upp á.

Afturelding var með fjögur kvennalið og eitt karlalið á Mosöld 2024 og unnu öll kvennaliðin sig upp um deild svo afrakstur mótsins var frábær. Karlaliðið Steve Öxl stóð sig líka frábærliga þó þeir færu ekki upp um deild í ár.



## Frábær styrktarleikur fyrir Levie og Precious

Síðastliðinn sunnudag fór fram styrktarleikur fyrir Levie Mnyenyembe og Precious Kapunda á Malbikstöðinni að Varmá. Stjórnulið Balla Hallgríms vann Afturelding "Hall of fame" eftir vítaspyrnukeppni en staðan var 5-5 eftir venjulegan leiktíma.

Áhorfendur sem mættu á völlinn skemmtu sér konunglega enda sáust gamalkunnug tilprif hjá hinum ýmsu leikmönnum. JAKO gaf glæsilega búninga á bæði lið og kann Afturelding bestu þakkir fyrir það.

### VILTU STYRKJA VERKEFNIÐ?

Tekið er við frjálsum framlögum  
R: 0528-26-004643 - Kt. 460974-0119



## Kvenna- og karlaliðið í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn Góð uppskera í blaki

Uppspera blakdeildar Aftureldingar á leiktíðinni 2023-2024 var mjög góð.

Bæði lið Aftureldingar í Unbroken-deildunum komust í úrslitarimmuna um Íslandsmeistaratitilinn og var þetta í fyrsta skiptið sem karlaliðið komst í úrslitakeppnina sjálfa. Karlaliðið tapaði fyrir Hamar 3-0 í einvíginu og enduðu því í 2. sæti deildarinnar. Stelpurnar okkar eru vanari því að vera í baráttunni um titla og unnu Bikarmeistaratitilinn 2024. Eins og undanfarin ár þá voru andstæðingarnir KA sem voru sterkari enn einu sinni og unnu þær einvígið 3-1.

### Ungu liðin eiga framtíðina fyrir sér

Ungu stúlkurnar okkar sem spiluðu í 1. deild Íslandsmótsins enduðu sem Íslandsmeistari B liða svo framtíðin er björt.

Ungu strákarnir spiluðu einnig sem B lið í 1. deild karla og enduðu í 3. sæti eftir

deildarkeppnina.

Stelpurnar okkar í U14 enduðu í 4. sæti eftir veturinn af 15 liðum í sínum aldursflokki.

Blandað lið okkar í U12 endaði í 3. sæti en síðasta mót vetrarins var haldið í Neskaupstað síðustu helgina í maí.

### Borja skilar góðu búi

Borja Gonzalez Vicente stjórnaði sínum síðasta leik fyrir Aftureldingu þegar stelpurnar okkar luku keppni í Íslandsmótinu þar sem hann hefur nú tekið við stöðu afreksstjóra Blaksambands Íslands og hættir því þjálfun hjá Aftureldingu.

Blakdeild Aftureldingar þakkar Borja kærlega fyrir frábær störf fyrir blakdeild Aftureldinga en hann gerði kvennaliðið að Íslandsmeisturum og bikarmeisturum og kom karlaliðinu í röð efstu liða á Íslandi svo hann skilar góðu búi til næsta þjálfara.

## Skarphéðinn með silfurverðlaun á NM í júdó

Helgina 25.-26. maí fór Norðurlandameistaramótið í júdó fram í Sundsvall í Svíþjóð.

Skarphéðinn keppti í tveimur flokkum; Junior (U21) og Seniors. Hann vann allar glímurnar sínar á fullnaðarsigri (ippon) og komst í úrslitaviðureign í báðum flokkum.

Skarphéðinn var einn af þeim sem hlaut styrk frá Mosfellsbæ til að einbeita sér að æfingum og keppni í sumar. Fram undan eru tveggja mánaða æfingarbúðir í Serbíu fyrir Evrópumeistarmót U21 sem fer fram í byrjun september í Tallin Eistlandi.



SKARPHÉÐINN Í SVÍÞJÓÐ

## Athafnasvæði við Leirvogstungumela

Mosfellsbær auglýsir til umsagna skipulagslýsingu vegna áforma um stækkun athafnasvæðis sunnan við Fossaveg.

Gögn eru aðgengileg á skipulagsgatt.is og mos.is

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700



## Skátar á ferð og flugi

Mikið hefur verið um að vera hjá Skátafélaginu Mosverjum undanfarnar vikur og er þétt dagskrá næstu misserin.

Helgina 25. maí var haldin félagsútilega og kom þá bersýnilega í ljós að skátar eru ávallt viðbúnir, með plan B. Ferðinni var í fyrstu heitið til Vestmannaeyja en þar sem veður þótti ekki hagstætt til tjöldunar var ákveðið á síðustu stundu að tjalda í Bólstaðarhlíð við Húnaver.

Þar nutu skátar gestrisni ábúanda og var dagskráin þétt. Farið var í fjallgöngur, Glaumbær heimsóttur, fylgst með sauðburði, farið í leiki og haldnar kvöldvökur. Dróttskátar unnu sér inn 600 m merki með göngu á Hlíðafjall og má segja að þar hafi vindar blásið á toppnum.

Nú síðastliðna helgi var haldið Dreka-skátamót á Úlfjótavatni en þangað héldu 20

mosfellskir drekaskátar ásamt foringjum. Veðrið var blautt en gleðin og krafturinn á staðnum var ólýsanlegur. Fengu skátarnir að spreya sig á hinum ýmsu þrautum og leikjum. Það var orðið hvasst þegar taka átti tjaldbúðirnar niður en með mörgum hjálpsömum skátahöndum tókst það að lokum.

Þessir ungu skátar stóðu sig frábærlega og voru bæjarfélaginu okkur til sóma, enda fengu þeir viðurkenningu fyrir þrúðustu sveitina. Framtíðin er björt.

Fram undan er fjölbreytt starf hjá Mosverjum, 17. júní sem er ávallt gleðilegur í hjarta skátans, sumarnámskeiðin, Landsmót skáta á Úlfjótavatni, Roverway í Noregi, Eurojam á Gíbraltar og auðvitað bæjarhátíðin okkar í túninu heima.

*Skátafélagið Mosverjar*



SKÓLA  
HORNIÐ

## Að byrja í grunnskóla

Góður undirbúningur undir skólagöngu getur skipt sköpum hvað varðar almenna líðan barns í skóla. Vel undirbúið barn er öruggara, sjálfstæðara og ánægðara.

En hvaða undirbúningur erum við að tala um? Jú, þegar í skólann kemur þarf barn að vera orðið sjálfstætt í daglegum verkum og líða vel með að bjarga sér sjálft. Getu farið á salernið hjálparlaust, geta klætt sig í og úr útifötum, geta reimað skó eða nota skó sem ekki þarf að reima, geta skoríð niður matinn sinn, geta haldið utan um dótið sitt, gengið frá eftir sig og tekið tillit til annarra. Allt eru þetta þættir sem okkur þykja sjálfsgöðir en því miður gleymist oft að veita þeim athygli og gefa þjálfuninni tíma.

Undirbúningur undir íþrótt- og sundkennslu felst m.a. í að þjálf barnið í að bjarga sér í búningsklefanum. Þegar skólagangan hefst er það mikill kostur fyrir barnið að vera orðið sjálfbjarga. Þessi færni veitir barninu öryggi og eykur sjálfstraust þess. Til að þjálfunin

leiði til fullnægjandi færni í aðstæðum sem þessum, þarf barnið að fá tækifæri til að spreya sig sjálft undir handleiðslu foreldra/forráðamanna.

Undirbúningurinn felur líka í sér að ræða við barnið um skólann, skólagönguna og mikilvægi náms. Ræða um stundvísu, mikilvægi þess að sýna kurteisi, koma vel fram við aðra og hlíta fyrir mælum.

Barnið þarf einnig að vita að ef því líður illa eða það hefur orðið vitni að neikvæðum upptökum, beri því að segja foreldrum eða kennara frá því.

Ekki má svo gleyma að fara yfir umferðarreglurnar og kynna fyrir barni hver sé öruggasta gönguleiðin í skólann.

Sumarið er frábær tími til að fara yfir áður nefnda þætti og þessi undirbúningur er á ábyrgð foreldra/forráðamanna. Sýnum börnunum okkar þá virðingu að gefa þeim tíma til að ræða þessa hluti og síðast en ekki síst tíma og svigrúm til að æfa sig.

Njótum sumars - saman.

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐ MOSFELLSBÆJAR

## Íslenskar ullaryfirdýnur í mörgum stærðum

Lopidraumur.is  
Frí heimsending innanlands





**SteinTeppi.is**

*Gólfefna lausnir fyrir heimili og fyrirtæki*

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

**AFLTAK EHF.**

S: 660 0770 - [www.aftak.is](http://www.aftak.is)

**FÓTAÆÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR**

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



**B. Markan ehf.**  
**Pípulagnir**

660 6690

[www.bmarkan.is](http://www.bmarkan.is)



[www.bilhusid.is](http://www.bilhusid.is)

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

**FJALS**

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON  
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI  
S: 6959922  
FHSVERK@GMAIL.COM

## Fjárfestum í lýðheilsu - aðstaða fyrir alla

Mosfellsbær er landmikið sveitarfélag með nær óþrjótandi möguleikum á að njóta útivistar. Hér eru græn svæði frá fjöru til fjalla.

Áhersla fólks og áhugi á að það séu byggð upp útivistarsvæði og aðstaða til hreyfingar í nærumhverfi þess hefur líka aukist mikið með árunum. Það er orðinn sjálfsagður hlutur að flest íþrótt- og tómstundafélög eigi svæði, fasteignir og annað er tíheyfir þeirra sérsviði og samfélagsleg sátt virðist vera um að verja hluta af okkar sameiginlegu sjóðum í að byggja það upp.

Á síðasta ári fóru rúm 9% af skatttekjum Mosfellsbæjar til íþrótt- og æskulýðsmála en það eru um 1,7 milljarðar króna. Fyrir þetta fjármagn reukum við meðal annars sundlaugar og íþróttamannvirki, styrkjum íþrótt- og tómstundastarf og reukum félagsmiðstöð. Auk þess var varið um 260 milljónum til fjárfestinga í aðstöðu á árinu 2023 og áætlað er að fjárfesta fyrir um 990 milljónir á þessu ári í íþrótt- og tómstundamannvirkjum.

### Breytingar kalla á samtal

Það er að mörgu að huga þegar svæði eru skipulögð og sér í lagi þegar breytingar eru gerðar. Þá þarf að huga að hagsmunum oft ólíkra hópa. Það er nú einmitt tilfellið í þeim hugmyndum sem uppi eru um að gera breytingar á Hlíðavelli.

Mosfellsbær hefur gert samkomulag við Golfklúbb Mosfellsbæjar um að stækka völlinn til að hægt sé að gera breytingar á honum. Breytingarnar ganga aðallega út á að snúa völlum þannig að frekara öryggis sé gætt á göngu-, hjóla- og reiðstígum í kringum völlinn.

Samkomulagið er tilkomið vegna hættu sem



hefur skapast við nýja byggð við Súluhöfða og nálægð húsa við völlinn. Öryggi þessara íbúa í og við sín heimili er lykilforsendan fyrir því að bæjarstjórn samþykkti einróma í desember að ráðast í þetta verkefni með Golfklúbbsi Mosfellsbæjar.

Skipulagsmál eru í eðli sínu lýðræðislegasta ferli stjórnsýslunnar. Þegar skipulagið fyrir þetta svæði liggur fyrir þá munu hagaðilar eins og Hestamannafélagið Hörður og íbúar í nágrenninu fá tækifæri til að rýna það og koma með athugasemdir.

Það verður enginn afsláttur gefinn af því þrátt fyrir vilja bæjarstjórnar og Golfklúbbsins til að ráðast í þessar breytingar. Svona breytingar þýða þó

alltaf málamiðlanir og að setta ólík sjónarmið.

### Nýtum strandlengjuna saman

Við þurfum að ganga um þessar auðlindir okkar sem felast í grænum svæðum, útsýni og ósnertri náttúru af virðingu og það verður ekki ráðist í framkvæmdir á nýjum svæðum nema að vel ígrunduðu máli og að teknu tilliti til allra sjónarmiða.

Í mörg ár hefur útivistarfólk, hvort sem það eru golfarar, hestamenn, gangandi, hlaupandi eða hjólandi, notið þess að nýta strandlengjuna saman sem útivistarparadís. Það þurfum við að gera áfram en það þarf auðvitað að vera í fyrirrúmi tillitssemi og aðgát hjá okkur öllum sem nýtum þetta svæði og sýna samstöðu svo allir geti notið þess.

Halla Karen Kristjánsdóttir, formaður bæjarráðs  
Sævar Birgisson, varaformaður skipulagsnefndar

## „Allir þurfa eina skólahljómsveit í sitt líf“

Hér er vitnað í orð vinkonu minnar, en börnin hennar spiluðu með skólahljómsveit í öðru sveitarfélagi til margra ára.

Ég tek heilshugar undir hennar orð þar sem Skólahljómsveit Mosfellsbæjar eða Skómos, hefur verið einn af ánægjulegu föstum punktum okkar fjölskyldu síðustu 14 árin hér í bæjarfélaginu.

Þegar hljómsveitarmeðlimir voru beðnir um að lýsa Skómos var svarið eftirfarandi. Í Skómos lærist að þjálfa tóneyrað, öðlast nýja færni og þar með nýtt tungumál. Fólk fær æfingu í að gera margt í einu eins og að horfa á stjórnandann, að lesa úr nótum og hlusta á aðra í kringum sig á sama tíma. Bjarga sér út úr feilnótum, mæta reglulega á æfingar og þar með fá þjálfun í úthaldi, þolinmæði og einbeitingu. Mikilvægt er að tilheyra hópi sem skapar og er með færni í að búa til eitthvað saman. Síðast en ekki síst þá eignast fólk vini í Skómos. Einnig stendur hátt upp úr þátttaka í



fjöldi landsmóta víðsvegar um landið, næturgistingar í skólanum, tónleikar í Hörpu, spílamennska í Mosó á sumardaginn fyrsta og á 17. júní, á útskriftum framhaldsskóla og svo mætti lengi telja. Ekki má gleyma tónleikaferðum erlendis, en hljómsveitin er einmitt að leggja land undir fót nú í júnímánuði til Danmerkur.

Áhugi, metnaður og óeigingjarnt starf stjórnenda og kennara Skómos skín ávallt í gegnum starfið ásamt hlýju viðmóti og mikilli gleði. Við erum þakklát fyrir samfylgdina síðustu árin og hvetjum öll börn og ungmenni í Mosfellsbæ sem hafa áhuga á tónlist og að tilheyra skapandi og skemmtilegum hópi, að taka þátt í Skómos um ókomna framtíð.

Skómos - til hamingju með 60 ára afmælið.

Hulda Björk Finnsdóttir

**VILTU SELJA?**

Hafðu samband

Svanþór Einarsson  
Löggiltur fasteignasali

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

SÍMI:  
**586 8080**  
[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • [www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)

# Umhverfis- viðurkenningar

Umhverfisnefnd óskar eftir tilnefningum frá almenningi vegna umhverfisviðurkenninga Mosfellsbæjar fyrir árið 2024.

Flokkarnir eru eftirfarandi:

- Fallegir einkagarðar
- Fjölbýlishúsagarður
- Fyrirtæki til fyrirmyndar
- Plokkari ársins
- Einstaklingsátak ársins
- Tré ársins
- Snyrtilegasta gatan



Tilnefningar má senda rafrænt á þjónustugátt Mosfellsbæjar eða með tölvupósti á [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is) og skulu berast fyrir 6. ágúst.

Umhverfisnefnd veitir viðurkenningarnar við sérstaka athöfn á bæjarhátíðinni Í túninu heima í lok ágúst.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700

# Bólið

Þakkar okkar bestu unglimum fyrir frábært lokaball og enn betra skólaár 2023-24.

Bólið verður opið í sumar, hlökkum til að sjá ykkur flest!

## SUMAROPNUN BÓLSINS

JÚNÍ & ÁGÚST FYRIR 8. 10. BEKKUR

MÁN-MIÐ: 13:30 - 16.00

ÞRIÐJUDAGS &  
FIMMTUDAGSKVÖLD:  
21.00 - 23.00

POP-UP opnun í júlí!

Dagskrá & nánari upplýsingar inn á instagram.



[instagram.com/bolid270](https://www.instagram.com/bolid270)

## LOKABALL BÓLSINS 2024



## HEILSUMOLAR GAUA



### STRÍÐ OG FRÍÐUR

Við fengum heimsókn í vikunni. Yuri, Victoria og Margret, yngri dóttir þeirra, eru á landinu og kíktu til okkar. Þau eru frá Rússlandi. Ég kynntist Yuri fyrir mörgum árum þegar ég vann hjá Útflutningsráði Íslands og hann hjá sendiráði Íslands í Moskvu. Við unnum talsvert saman, ferðudumst með íslensk fyrirtæki til staða sem ég hefði líklega annars aldrei komið til. Kasakstan, Kamchatka og Vladivostok eru nokkur dæmi. Þau fjölskyldan fluttu síðan til Íslands, bjuggu fyrst á Ásbrú í Reykjanesbæ og síðan í Hafnarfirði. Yuri vann við að kaupa og selja togara og Victoria hjá IKEA. Síðan fluttu þau aftur til Rússlands með dætrum sínum, en hafa alltaf haft sterka tengingu við Ísland og hafa komið hingað nokkuð reglulega. Við kynntumst vel gestrisni þeirra og velvilja þegar við fengum, ásamt vinafjölskyldu okkar í Mosfellsbæ, að gista í sumarhúsi þeirra hjóna í útjaðri Moskvu þegar heimsmeistararamótið í knattspyrnu fór þar fram árið 2018. Þau hugsuðu vel um okkur, sýndu okkur fjölskylduvæna staði í Moskvu og gerðu ferðalagið ógleymanlegt í okkar huga.

Þau eru ekki í stríði. Þau vilja frið. En þau stýra ekki Rússlandi og hafa lítil áhrif á gang mála. Við gleymum því oft í umræðunni að íbúar þeirra landa sem eru í stríði vilja það fæstir - hvort sem landið sem þeir tilheyra er að ráðast inn í annað land eða er undir árás. Mér fannst Yuri lýsa þessu vel þegar við ræddum stöðuna. Hann sagði - Rússland og Úkraína voru fyrir ekki svo löngu bræður, svo vinir, svo nágrannar, nú óvinir.

Fólk er bara fólk. Hvaðan sem það kemur. Við hugsum flest eins. Viljum eiga góða fjölskyldu, góða vini og búa í góðu samfélagi. Og góða nágranna sem okkur lyndir við - það vilja fæstir vera í stríði við nágranna sína. Talandi um góða nágranna - takk Lára og Gústi!

Gudjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is




...fyllgstu með okkur

[www.facebook.com/mosfellingur](http://www.facebook.com/mosfellingur)

Vegna mikillar sölu leitum við að **öllum gerðum eigna** í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma 695 5520 eða með tölvupósti [jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is) eða við **Óskar** í síma 691 2312 eða með tölvupósti [osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)

Bókið skoðun og fáid **frítt** verðamat

Jón Rafn Valdimarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 5520  
[jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is)



Óskar S. Axelsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 691 2312  
[osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)

**MIKLABORG**

Með þér alla leið

569 7000 | Lág múla 4 | [miklaborg.is](http://miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Stöðuuppfærslur  
in your  
face 

 **Ásgeir Jónsson**  
Sárt að sjá á eftir þeim stóra. Til hamingju FH. Eftir stendur það ótrúlega samfélag sem íþróttir eru. Tugir sjálfbodaliða vinna dag og nótt fyrir þessa klúbba á svona stundu, við að skapa ótrúlega upplifun fyrir leikmenn og stuðningsfólk. Í handbolta jafnt sem öðrum íþróttum. Umgjörð sem er á pari við erlenda klúbba sem hafa 100 sinnum meira fjármagn. Stórbrotið.  
30. maí

 **Steinunn Porkelsdóttir**  
Ég vona að einn daginn muni ég að sumarið á Íslandi byrjar ekki fyrr en um miðjan júlí og lýkur um Verslunarmannahelgi arg hvað minnið nær alltaf stutt fram í tímann, kannski er þetta sjálfshjálparafi svo maður gangi ekki að göfflumum :)  
3. júní

 **Laufey Guðmundsdóttir**  
Áskoran mánadans: Út með maxið! Er nú formlega hætt í maxinu. Hef drukkið of mikið pepsí max sl. 2 ár og samhlíða hafa liðverkir aukist. Fróður vinur minn tjáði mér að hætt að drekka max og liðverkir myndu hverfa. Ég lét á þetta reyna og hvet aðra að koma með í þess vegferð. Ætla að færa mig yfir í kranavatnið og kristal. Ég hef látið vini mína í Ölgerðinni vita, þeir fækka örlítið starfsfólki en voru annars rólegir! Nú er þetta staðfest og þið eruð hér með vitni því hér á mínu heimili er þetta risamál þar sem ég hef undanfarið drukkið max í leynti út á svölum til að pirra ekki heimilisfólkið. Nú er ég frjáls. Þakka allan stuðning :)  
25. maí

 **Leifur Guðjónsson**  
2 júní og haglé og 4c hiti hvar er hlýnun jarðar.  
2. júní



facebook

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

# BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

## MG LÖGMENN

Erfðaskrár ~ Kaupmálar ~ Skipti dánarbúa  
Skilnaðarsamningar ~ Slysamál  
Gallar í fasteignum  
Persónuleg þjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

Tek að mér  
alla krana- og  
krabbavinnu

Útvega allt  
jarðefni

VÖRUBÍLL P.B.  
Klapparhlíð 10  
Þorsteinn 822-7142



**OPNUNARTÍMI  
SUNDLAUGA**

**Lágafellslaug**  
Virkir dagar: 6:30 - 22:00  
Helgar: 08:00 - 19:00

**Varmárlaug**  
Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21.30  
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



## MALBIKSTÖÐIN

Þú finnur öll blöðin á netinu  
**WWW.MOSFELLINGUR.IS**

## VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



Frí Tjónaskoðun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi Sími 554 2510  
www.bilasprautun.is



## GARÐMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788



Útfararstofa Íslands  
www.utforin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242  
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

## GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

## Viltu selja?

Hafðu samband  
Svanþór Einarsson  
Löggiltur fasteignasali

Fasteignasala  
Mosfellsbæjar

SÍMI:  
**586 8080**  
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is



**JAKO**  
SPORT ÍSLANDI

## AFTURELDINGARVÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR  
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

**VGH Mosfellsbæ**  
VERKTAKI SÍÐAN 1968  
896-9443 896-2279  
**ÞAÐ SEM TIL ÞARF**

## HEYST HEFUR...

...að Bjartmar Guðlaugs sé fluttur í Mosó og verði með tónleika í Bankanum 15. júní.

...að Gummi Páls Þjálfari meistara-flokks kvenna í handbolta sé hættur.

...að nýjasti Fjallalopinn hjá Ístex hafi selst upp á 30 sekúndum.

...að Hestamannafélagið Hörður mótmæli fyrirhugaðri stækkun golfvallarins við Leiruvoginn.

...að Hrafnhildur Gísla sé nýr formaður Framóknarfélagins.

...að Múlalundi á Reykjalandi verði ekki lokað og nýr rekstrarstjóri ráðinn þar inn á dögum.

...að Hilmar Stef hafi sigrað heims-meistarakeppni Fálkanna.

...að Bjarki Guðmunds sé tekinn við sem formaður Karlakórs Kjalnesinga.

...að verið sé að skoða uppsetningu á Led auglýsingaskilti við hringtorgið við slökkvistöðina.

...að haldin verði fjögurra daga þungarokkshátíð í Hlégarði í byrjun júlí.

...að Leikhópurinn Lotta ætli að stoppa í Mosó 8. júlí í hringferð sinni um landið.

...að Þengill Oddsson hafi orðið áttæður á dögum.

...að stefnt sé að því að stofna lúðrasveit eldri félaga úr Skólahljómsveit Mosfellsbæjar.

...að Íslandsmót barna og unglunga í hestaþróttum verði haldið í Mosfellsbæ um miðjan júlí.

...að ýmsar prófanir sé verið að gera í Leiruvogi vegna Sundabrautarverkefnisins.

...að ný fjallahjólalabaut og endurbættur frisbílgöngullur í Ævintýragarðinum verði tilbúin síðar í þessum mánuði.

...að yfir 250 manns séu búnir að skrá sig á góðgerðamótið Palla-Open á Hlíðavelli sem fram fer um helgina.

...að sr. Guðlaug Helga sé mætt í sóknina og bætist við prestameyrið í Lágafellssókn.

...að Kiddi Íslandsmeistari hafi farið holi á höggi á 15. holi á Hlíðavelli.

...að Óli Kalla Tomm og Hofsós-Sólin ætli að ganga í það heilaga í Lágafellskirkju í lok júní.

...að Álafosshlaupið verði haldið næsta miðvikudag, 12. júní.

...að Eva Dís og Atli Báruson eigi von á barni í desember.

...að gamla Kiwanishúsið sé komið í nýjan búning og sé til sölu.

...að kjörsókn í Mosfellsbæ hafi verið 83% þann 1. júní miðað við 67% fyrir fjórum árum.

...að Liverpool-skólinn hefjist á Tungubökkum um helgina.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Berglind Birta Filippusdóttir fæddist 20. desember 2023 á Landspítalanum í Reykjavík. Hún vó 15 merkur og var 53 cm á lengd. Foreldrar eru Filippus Darri Björgvinsson og Herdís Birta Bragadóttir.



Bryndís Georgsdóttir fæddist á Landspítalanum þann 8. apríl 2024. Við fæðingu mældist hún 4.020 gr og 51 cm. Bryndís er annað barn foreldra sinna en hún á 5 ára bróður, Leó Georgsson. Foreldrar hennar eru Birta Róbertsdóttir og Hans Georg Júlíusson.



# JAKO

SPORT ÍSLANDI

## AFTURELDINGARVÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR  
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

## Í eldhúsinu



HJÁ KRISTÍNU

### Kjúklingasúpa

Kristín Eyjólfssdóttir deilir að þessu sinni með okkur uppskrift sem hefur verið vinsæl hjá fjölskyldunni í Arkarholtinu. Það sem gerir hana extra bragðgóða er kryddið frá Fylgifyskum.

Uppskriftin er fyrir 6-8 manns, 4-6 kjúklingabringur, steiktar og skornar í bita, eru settar út í í lokin.

#### Grænmeti steikt og mýkt í potti:

- 1 gul paprika
- 1 rauð paprika
- 1 græn paprika
- 1 þúrrulaukur (nota bæði græna og hvíta)



- 1 laukur
- 3 hvítlauksrif

#### Síðan er þessu bætt út í pottinn:

- 400 gr rjómaostur
- Hálf flaska Heinz chilísósa
- Tæplega hálf flaska sriracha chili garlic sauce (Thai choice)
- 1 lítri kjúklingasoð
- 0,5 l matreiðslurjómi
- 1-2 matskeiðar Moroccan rub (frá Nomu, fæst í Fylgifyskum)
- Ferst kóríander sett yfir þegar

kjúklingur er kominn út í.  
• Berist fram með góðu brauði.

Verði ykkur að góðu!

Kristín skorar á Milönu Katchalinu að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

# GERUM OKKAR BESTA

Nú er sumarið að ganga í garð, eða svona næstum. Dagatalið segir sumarið vera að koma en veðrið ætlar að láta okkur bíða eitthvað lengur.

Ég velti fyrir mér hvort heimurinn sé með okkur í einhvers konar væntingarstjórnunar-þrógrammi eða hvort seðlabankastjóri sé mögulega að „testa“ okkur. Við eigum augljóslega ekki að kaupa okkur ferð til sólarlanda en samt er snjór í Esjunni í júní? Ég sit að minnsta kosti heima hjá mér, að skrifa þetta, horfi út um gluggann og velti fyrir mér hvað ég skyldi nú eiga að gera í þessum aðstæðum.

Það er þó grænt í kringum okkur og hópar farnir á stjá að gera bæinn sumarlegan og sætan, blóm komin á hringtorg Mosfellsbæjar og sumarhreingerningar hafnar.

Í næstu viku fer vinnuskólinn síðan af stað, þar koma saman fullt af unglungum Mosfellsbæjar að læra hvernig hægt er að gera umhverfið sitt hreint og fínt. Við skulum þó ekki gleyma því að vinnuskólinn styrkir líka félagslega þáttinn, enda er hann ekki minna mikilvægur - hópeflí er því einnig hluti af starfsemi vinnuskólans.

Við skulum öll reyna að taka vel á móti unglungum í gulum vestum í sumar, gleðjast yfir þeim, leiðbeina á uppbyggilegan hátt og hrósa!

Það er svo miklu skemmtilegra að vinna þegar tekið er vel á móti manni og hrósað er fyrir vel unnin verk. Það eru allir að gera sitt besta!

Við eigum svo flotta unglunga í Mosfellsbæ, og nú enn einn árgangur af ótrúlega flottum ungum einstaklingum að útskrifast úr grunnskólum bæjarins og á leið út í lífið.

Það er svo ótrúlega gefandi og frábært að fá að starfa með þeim og um leið sjá þau vaxa og þroskast, fá svo að fylgjast með þeim ganga sín fyrstu skref í framtíðina sína, sjá hvaða leið þau velja sér og hvernig þau tækla hin ýmsu verkefni lífsins.



EMMA IREN

MOSFELLSBAKARI.IS  
HÁHOLT 13-15  
HÁALEITISBRAUT 58-60



Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar og  
hljómborð á tilboði



Mikið úrval  
Verð við allra hæfi

## SKEMMTANIR



### Hljómsveitin ÚLTRA

Hljómsveit: A. Kröyer/dúett

Tek að mér að spila í einkasamkvæmum, brúðkaupum, árshátíðum, afmælum og fl.

Er með hljómborð sem virkar eins og hljómsveit.

Get líka verið með fjöldsöng og nota þá kassagítar.

Eins er ég með dinnertónlist. Söngkona Ann Andreassen.

Verð við allra hæfi.

Anton - antonben@simnet.is  
gitarinn@gitarinn.is  
Símar: 895 9376 - 552 2125

### Starfsfólk óskast

Starfsfólk vantar á Hótel Laxnes. Fullt starf - Góð enskukunnátta  
Sendið CV á netfangið  
hotellaxnes@hotellaxnes.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS



NÆSTI  
MOSFELLINGUR  
KEMUR ÚT

11. JÚLÍ.

Blaðinu er dreift frítt  
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðglýsinga er til  
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

## VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



ARI ODDSSON EHF  
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is  
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

www.arioddsson.is



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd  
HEILSUEFLING  
MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080



Ökukennsla  
HREIÐARS

8201616

ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ



BERG  
FASTEIGNASALA

VILTU  
SELJA?

588 55 30  
WWW.BERG.IS



Nýir  
Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum  
Mosfellingum ásamt helstu  
upplýsingum á netfangið  
mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTUAUGGLÝSING  
Í MOSFELLINGI

KR. 7.000 + vsk.\*

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

\*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

Bílapartar ehf  
Notaðir TOYOTA varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ  
www.bilapartar.is

## BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS

KROSSLÍMDAR EININGAR

SVALALOKANIR

GLUGGAR OG HURDIR



EININGAR EHF

WWW.EININGAR.IS

Sími: 565 1560 einingar@einingar.is



MALBIKSTÖÐIN

## Öll almenn vörubíla- og kranþjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.



BJ VERK ehf.  
Björn s: 892-3042

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar  
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar  
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki

# SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað ætlar þú að gera í sumar?



**LÁRA OG MARÍA:**  
Unglingavinnan.



**RAKEL:**  
Eiga barn.




**EMBLA:** Fara til pabba og til Vestmannaeyja.



**LEIFUR:**  
Flytja til Malmö.



**BREKI:**  
Fara á hestbak.



**SALMAH:**  
Unglingavinnan.



Gamli blásarar á afmælistónleikum



Alltaf keppni hjá UMFUS



Grillað á Malbikinu

Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR



## HVERJIR VORU HVAR ?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Binni heiðraður á Sjómannadaginn



Handboltaliðið



Mosverjar orðnir bakarar



Stúddarnir



Hvít þema hjá strákunum



Mættar í brúðkaup



Hvítí Riddarinn 25 ára




**HILMAR STEFÁNSSON**  
**HEIMSMEISTARI FÁLKANNA 2024**

**SVÍFI**

### TVÍFARAR



Ólafur Geir



Dr. Gunn



Við á Sprey Hárstofu elskum það sem við gerum, við erum fagmenn!

Hárstofan  
**Sprey**

Hægt er að panta tíma á Sprey.is eða í síma 5176677 Mosfellsbæ og Garðabæ.



# Vilt þú taka þátt?

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar,  
Í túninu heima, verður haldin  
dagana 29. ágúst - 1. september.



Hátíðin er sannkölluð fjölskylduhátíð þar  
sem allir ættu að geta fundið eitthvað við  
sitt hæfi í fjölbreyttri dagskrá.

Ef þið lúmið á hugmyndum eða viljið vera  
með viðburði, þá endilega sendið póst á  
[ituninuheima@mos.is](mailto:ituninuheima@mos.is)

Íbúar, félagasamtök og fyrirtæki  
í Mosfellsbæ eru hvött til að taka  
virkan þátt í hátíðarhöldunum.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700



# ALLT

# F A S T E I G N A S A L A

[www.allt.is](http://www.allt.is) • [allt@allt.is](mailto:allt@allt.is) • 560-5505  
Þverholt 2 • Mosfellsbær



## ULLIN OG JÖKLA

Úrslitkvöld í hönnunarsamkeppni rjómalikjörsins Jöklu og Ístex fór fram í Hlégarði 31. maí. Alls bárust 43 peysur í keppnina og var Áslaug Arna nýsköpunarráðherra meðal dómara. Nánað er fjallað um úrslit inni í blaðinu

Mynd/Hilmar

Sæktu  
Landsbanka-  
appið



App Store Google Play

Múlalundur

Glæsileg  
ritfangaverslun  
í Mosfellsbæ  
- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR  
vinnustofa SÍBS  
við Reykjalund, Mosfellsbæ  
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047



**Brynjólfur Jónsson**  
löggiltur  
fasteignasali  
898-9791

Þjónusta við  
Mosfellinga í 35 ár

Háholt 14, 2. hæð

**588 55 30**



### Skuggabakki



Vel staðsett 105,5 fm hesthús í enda. Sér gerði fylgir húsinu. Sér taðþró fyrir enda húss. 10 hesta hús. Snýrtilegt og gott aðgengi. Flott kaffistofa. Hlaða er rúmgöð með góðri aðkoma. Snýrting og hnakkageymsla. Flott eign á vinsælum stað. **Verð: 29 m.**

### Silfursléttu



Rúmgött 160 fm atvinnuhúsnæði á Esjumelum. Húsið er vel staðsett. Mikil loft hæð og góð aðkoma. Næg bílastæði. **Verð: 48 m.**

### Skipholt



Vorum að fá í sölu þekkt fyrirtæki í eigin húsnæði síðan 1997, Íhluti ehf. sem rekur sölu og þjónustu með raftækjabúnað. Húsnæðið er 192 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð. Góð aðkoma að húsi og næg bílastæði. Allar nánari uppl. veitir Pétur í síma 897-0047 eða petur@berg.is

### Klapparhlíð



Glæsileg 87,5 fm íbúð á 2. hæð í Klapparhlíð. Nýleg eldhúsinnrétting og eldhústæki. Nýtt baðherbergi. Tvö rúmgöð svefnherbergi og geymsla innan íbúðar. Sér inngangur. Svalir í suður. Topp eign á frábærum stað. **Verð: 71 m.**